HALLDÓR 12

PONDUS 20



MENNING 22

Maxímalismi Pussy Riot

FRÉTTIR 6

Musk sýnir lítinn áhuga á Tesla

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | ÞRIÐJUDAGUR 10. JANÚAR 2023

Líklega mun Grafarvogurinn ekki þíðna í bráð en áfram er spáð frekar köldu veðri og svo tekur fimbulkuldi við um helgina þegar tveggja stafa frost verður aftur. Þessi vegfarandi lét hálkuna ekki á sig fá og skellti sér út með hundinn til að fá smá ferskt loft í lungun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍÞRÓTTIR 17

Við gefum Ómari sviðið

LÍFIÐ 26

Beðið eftir Harry

TÍMAMÓT 18

Úr jarðfræði í leirlist

Helmingur vill fá vindmyllugarða

ORKUMÁL Um helmingur Íslendinga styður uppbyggingu vindmyllugarða samkvæmt nýrri könnun Prósents fyrir Fréttablaðið en fjórðungur er á móti. Þá höfðu 26 prósent ekki skoðun á málefninu.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, segist ekki festa sig við neinar aðferðir þegar kemur að því að búa til græna orku.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

„Við þurfum að vanda okkur og gæta jafnvægis en á sama tíma liggur okkur á.“ Stjórnvöld eru nú að skoða hvernig best sé að hafa fyrirkomulag vindorkuvera. SJÁ SÍÐU 8

Bankastarfsmenn grunaðir um lögbrot við eignasöluna

Trúverðugleiki frekari sölu undir að sögn þingmanns stjórnarandstöðunnar. Grunur um að starfsmenn Íslandsbanka hafi framið brot.

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Sáttaferli er hafið milli Íslandsbanka og Fjármálaeftirlitsins (FME) vegna hugsanlegra lögbrota Íslandsbanka þegar ríkið seldi 22,5 prósenta hlut í mars. FME hefur heimild til að leggja stjórnvaldssektir á bankann.

Fram kom í kjölfar hins umdeilda útboðs að starfsmenn bankans voru meðal kaupenda í söluferlinu, lokuðu tilboðsfyrirkomulagi. Athugasemdir voru gerðar um það atriði í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

„Með öllum fyrirvörum þar sem upplýsingar eru takmarkaðar á þessu stigi tel ég afar mikilvægt að stjórnsýslan standi sig í þessu máli. Það er ekki síður mikilvægt að viðbrögð bankans verði góð,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar.

> FME hefur heimild til að leggja stjórnvaldssektir á bankann.

Hún segir mikið í húfi fyrir Íslandsbanka en einnig fyrir ríkissjóð og í raun samfélagið allt. Frekari sala velti á að hægt verði að skapa trúverðugleika sem hafi misfarist hjá ríkisstjórninni við sölu bankans.

Fjármálaeftirlit Seðlabankans sendi í gær út tilkynningu um að Íslandsbanki kynni að hafa brotið gegn ákvæðum laga og reglna um Íslandsbanka og starfsemi hans við söluna. Fram kemur í tilkynningu bankans til Kauphallarinnar að stjórnendur taki frummati FME í málinu alvarlega.

Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, sem hefur gagnrýnt sleifarlag við söluna harðlega, sagðist í gærkvöld ætla að bíða með að tjá sig uns hún hefði aflað sér meiri upplýsinga.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra svöruðu ekki skilaboðum þegar leitað var eftir áliti þeirra rétt fyrir prentun Fréttablaðsins í gærkvöld. ■

Vélsleðafólk er hvatt til að fara að öllu með gát um fjöll og firnindi.

Ferðalangar utan vega þurfa að gæta ítrustu varúðar

bth@frettabladid.is

NÁTTÚRA Veginum um Ólafsfjarðarmúla var í fyrsta skipti í vetur lokað eftir að flóð féll við Sauðanes í gær.

Um fyrstu verulegu snjóflóðahættuna í vetur er að ræða að sögn Ólivers Hilmarssonar, sérfræðings í ofanflóðum á Veðurstofunni.

Hættustigi var lýst yfir eftir flóðið og veginum lokað svo enginn komst í gegn. Vegalengdin milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar lengist um ríflega 210 km meðan á lokun stendur. „Það hefur verið mikil ofankoma og töluvert eftir af veðrinu enn," segir Óliver.

Að hans sögn er von á betri tíð í þessum efnum. Hann brýnir þá sem ferðast utan vega á Norðurlandi til að fara varlega. „Þetta er fyrsta snjóflóðaveðrið að segja má í vetur og það sem er sérstakt er áberandi veikleiki í snjónum fyrir norðan. Þar hefur fallið talsvert mikið af flóðum í fjalllendi og full ástæða að hvetja fólk á vélsleðum og aðra sem eru á fjöllum til að fara varlega." ■

Síðustu verk jólanna

Jólin eru búin. Síðasta verk þeirra sem hafa lifandi tré í stofunni er að farga þeim og koma til Sorpu. Góð stæða af áður skreyttum jólatrjám er núna á flestum stöðvum Sorpu. Skrautið horfið og aðeins greinarnar eftir. Þegar Fréttablaðið bar að garði voru nokkrir að koma með úr sér gengin jólatré sem áður glöddu börn og fullorðna með ilmi sem gervitré ná seint – þótt það sé reynt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bíða endanlegrar krufningarskýrslu

jonthor@frettabladid.is

Tveir fundust látnir í heimahúsi á Blönduósi eftir skotárás þar snemma morguns.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Norðurlandi eystra bíður endanlegrar krufningarskýrslu bæði í skotárásarmálinu á Blönduósi og manndrápsmálinu á Ólafsfirði. Frá þessu greinir Eyþór Þorbergsson, varasaksóknari hjá lögregluembættinu á Norðurlandi eystra.

„Auðvitað er þetta áríðandi og við viljum klára þetta, en við viljum líka gera þetta almennilega," segir hann um Blönduósmálið. Best væri að fá endanlega krufningarskýrslu áður en lokahnykkurinn í rannsókninni sé tekinn.

Í desember var greint frá því að niðurstöður úr sýnum í málinu hefðu borist frá Svíþjóð eftir nokkuð langa bið. Þó ætti eftir að þýða þær niðurstöður, þar sem þær væru á sænsku, og í kjölfarið vinna úr þeim. Eyþór telur að nú sé búið að þýða þær.

Þá segir hann að í Ólafsfjarðarmálinu sé enn beðið eftir niðurstöðum frá Svíþjóð.

„Við rannsókn svona mála eru tekin alls konar sýni og það getur tekið nokkurn tíma að vinna úr þeim," segir Eyþór. ■

Skósmiðastéttin að eldast og aðeins tveir í náminu

Yngsti skóari landsins hvetur konur og karla til að kynna sér iðngreinina sem glímir við skort á fagfólki. Viðskiptin margfölduðust eftir hrun og hafa verið góð allar götur síðan.

ser@frettabladid.is

Daníel Már Magnússon útskrifaðist sem skósmiður fyrir sex árum og var þá eini neminn greininni. Sex skóvinnustofur eru eftir í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DIDDI

ATVINNULÍF Skósmiðastéttin er að eldast á Íslandi, en flestir skóarar landsins eru að reskjast á sama tíma og aðeins tveir nemar eru á samningi í þessari gömlu og góðu iðngrein.

Þetta þekkir yngsti skóari landsins, Daníel Már Magnússon, sem útskrifaðist fyrir sex árum og rekur núna skóvinnustofuna Þráin skóara á Grettisgötu 3. Hann var á sínum tíma eini nemandinn í greininni – og enda þótt núna sé einum fleiri á samningi, að sögn Daníels Más, er ótti íslenskra skóara sá að skortur verði á fagmönnum í framtíðinni.

„Ég er langyngsti gaurinn í greininni, en flestir kollega minna eru að nálgast eftirlaunin, eða eru jafnvel komnir yfir hefðbundinn vinnualdur," segir skóarinn í neðanverðu Skólavörðuholti.

„En það er gríðarlega mikið að gera hjá okkur öllum, eftir því sem ég best veit," bætir hann við og segir að mestallt síðasta ár hafi verið sex vikna bið eftir viðgerð á hans stofu. „En ég hef með mikilli vinnu á undanförnum vikum náð að stytta biðtímann niður í tvær vikur, sem er þolanlegra," segir hann.

Aðeins sex skóvinnustofur eru á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Daníels Más, og ein á Akureyri – og þar með er það upptalið. „Það verður spennandi að sjá hvað gerist á næstu tíu árum eða svo og hvort við náum hreinlega að manna þessar stofur með fagfólki," segir Daníel Már.

> Ég er langyngsti gaurinn í greininni.
>
> Daníel Már Magnússon, skósmiður

Hann segir spurnina eftir skóviðgerðum hafa aukist að miklum mun frá því eftir efnahagshrunið og ekkert lát sé á kúnnum sem vilji láta gera við skóna sína, eða eftir atvikum annan leðurvarning eins og handtöskur og belti.

„Við skóarar gerum allt sem hægt er að gera og rétt rúmlega það," segir Daníel Már og bendir á að margar leiðir séu til þess að laga góða skó sem best að fæti hvers og eins. „Og það fer bæði betur með mann og skó."

Hann hvetur konur sem karla til að kynna sér námið sem taki þrjú ár, en þar af er hálft námið í læri hjá meistara. „Ég mæli með þessu starfi. Það er fjölbreytt og skemmtilegt, enda er skóarinn í nánum og miklum tengslum við kúnnann," segir Daníel Már og rifjar upp af hverju hann valdi fagið á sínum tíma.

„Ég var að leita að einhverju allt öðru en einhæfu skrifstofustarfi þar sem maður situr á sínum rassi inni á sama kontórnum alla daga – og niðurstaðan var þessi," segir sá skóari landsmanna sem er hvað lengst frá því að leggja skóna á hilluna. ■

NÝR

RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hafa afgerandi áhrif á drægni rafbíla.

ENNEMM / SÍA / NM014304

Eigum bíla til afgreiðslu strax!

Renault Megane E-Tech er spennandi 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina. Hafðu samband og við tökum einn frá fyrir þig.

5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Mikilvægt að horfa á ávinninginn frekar en kostnað

benediktarnar@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- og orkumálaráðherra, segir að Ísland eigi alltaf að standa framar öðrum þjóðum þegar kemur að umhverfismálum. Hann segir það mikilvægt að flýta fyrir orkuskiptum á landinu.

Í upphafi árs hefur styrkur köfnunardíoxíðs, sem stafar frá útblæstri bíla, oft farið yfir klukkustundarheilsuverndarmörk. Í raun hafa öll mörk ársins 2023 verið brotin. Samkvæmt Umhverfisstofnun getur köfnunarefnisdíoxíð ert lungun og langvarandi innöndun getur valdið lungnaskemmdum.

„Mengunin kemur meðal annars frá útblæstri frá bílum, skipunum í höfninni og álverunum. Ef við værum búin með orkuskiptin þá væru þessi vandamál ekki til staðar. Þess vegna ættum við að setja mark-

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- og orkumálaráðherra

ið hátt. Opinberir aðilar ættu að ganga hratt fram með að endurnýja bílaflota og þann bílaflota sem við erum í viðskiptum við," segir hann.

Þá bendir Guðlaugur á að það sé misskilningur að það sé nagladekkjum að kenna að svifryk mælist í auknum mæli í upphafi árs.

„Hins vegar skiptir máli þegar það hlýnar og svifrykið kemur upp, að við rykbindum og hreinsum síðan göturnar. Það er mikilvægt að Reykjavíkurborg og sveitarfélögin séu vakandi fyrir því," segir hann.

Að sögn Guðlaugs á alltaf að líta á ávinninginn frekar en kostnaðinn þegar kemur að umhverfismálum.

„Við eigum að vera mjög kröfuhörð þegar kemur að mengun á Íslandi. Þegar bent er á að betur megi fara, þá fagna ég því. Við verðum samt að taka ákvarðanir út frá réttum forsendum," segir Guðlaugur. ■

Tollkvóti tekinn til rannsóknar

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Samkeppniseftirlitið hefur hafið athugun á tollvernd landbúnaðarvara.

Fréttablaðið hefur undir höndum bréf Samkeppniseftirlitsins til matvælaráðuneytisins, dagsett 20. desember 2022, þar sem fyrirhuguð athugun er tilkynnt og óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu.

Í bréfinu kemur fram að tilefni athugunarinnar er ábending frá Ólafi Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, í maí síðastliðnum og viðbótargögn sem hann sendi 21. október síðastliðinn.

Fram kemur að í fyrirkomulagi útboðs tollkvóta felist meðal annars að afurðastöðvar í landbúnaði,

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins

sem hafi beina og óbeina hagsmuni af því að halda verði á innfluttum landbúnaðarafurðum sem hæstu hafi boðið í kvóta.

Í bréfinu til matvælaráðuneytisins segir að taka þurfi til skoðunar að hvaða marki afurðastöðvum í landbúnaði sé gert kleift að taka þátt í útboðum á tollkvóta, en þær hafa hagsmuni af því að hindra verðsamkeppni og halda uppi verði á landbúnaðarafurðum.

Bréfið er í 16 liðum og óskað er svars í síðasta lagi 16. janúar næstkomandi. Fyrirhugað er að birta svörin á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins. ■

Nánar á frettabladid.is

Stórtæk áform um landeldi í Vogum

Viðræður eru hafnar á milli GeoSalmo ehf. og sveitarfélagsins Voga um 25 þúsund tonna landeldi á Keilisnesi. „Yrði langstærsti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu og myndi hafa gríðarleg áhrif," segir bæjarstjórinn.

ggunnars@frettabladid.is

FISKELDI Bæjarráð sveitarfélagsins Voga hefur falið Gunnari Axel Axelssyni bæjarstjóra að ganga til viðræðna við laxeldisfyrirtækið GeoSalmo um 25 þúsund tonna landeldi á Keilisnesi skammt austan við íbúðabyggð sveitarfélagsins.

GeoSalmo hafði farið þess á leit við sveitarfélagið að hefja rannsóknarboranir á svæðinu svo unnt yrði að kanna hvort nauðsynleg landgæði væru til staðar.

„Það hafa mörg eldisfyrirtæki lýst yfir áhuga á að byggja upp landeldi á Keilisnesi en bæjarráð ákvað að taka þessi næstu nauðsynlegu skref með GeoSalmo. Það er bara mjög ánægjulegt," segir Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Áform GeoSalmo ganga út á að eldisstöðin á Keilisnesi verði af svipaðri stærðargráðu og starfsemi fyrirtækisins í Ölfusi. Framleiði á bilinu 20 til 25 þúsund tonn af eldislaxi á ári.

„Til að setja þetta í eitthvert samhengi þá myndi slík starfsemi skapa yfir hundrað bein störf á svæðinu. Fyrir utan allt annað. Þetta yrði því sjálfkrafa stærsti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu og gríðarleg lyftistöng," segir Gunnar.

Hann segir Keilisnes að öllu leyti mjög spennandi staðsetningu fyrir uppbyggingu af þessari stærðargráðu.

„Þau svæði sem henta best fyrir landeldi eru ekki ýkja mörg. Það er aðallega undirlendið í námunda við

Landeldisstöð GeoSalmo á Keilisnesi myndi setja sterkan svip á svæðið austan við byggðina í Vogum. MYND/AÐSEND

> Við sjáum fyrir okkur að Keilisnes geti verið næsta stóra verkefni fyrirtækisins.

Jens Þórðarson, framkvæmdastjóri GeoSalmo

Þorlákshöfn og svo hér á Reykjanesi. Þess vegna vekur Keilisnes þennan áhuga. Aðstæður þar eru mjög ákjósanlegar."

Að sögn Gunnars er enn of snemmt að segja til um hvort af verkefninu verður.

> Til að setja þetta í eitthvað samhengi þá myndi slík starfsemi skapa yfir hundrað bein störf á svæðinu.

Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri í Vogum

„Þetta er á algjöru frumstigi. Næsta skref er að rannsaka svæðið betur. Svo á þetta allt eftir að fara í gegnum umhverfismat, íbúasamráð og breytingar á skipulagi. Það má alveg gera ráð fyrir að það taki einhver ár. En þetta yrði risastórt verkefni og fjárfesting upp á tugi milljarða. Ef af verður þá mun þessi starfsemi skipta sköpum fyrir samfélagið hérna í Vogum," segir Gunnar.

Jens Þórðarson, framkvæmdastjóri GeoSalmo, segist fagna ákvörðun bæjarráðs. Nú taki við undirbúningur og viðræður sem muni skera úr um hvort landeldi á Keilisnesi verði að veruleika.

„Þetta er ánægjulegt og ákaflega mikilvægt skref fyrir okkur hjá GeoSalmo. Við viljum vaxa og auka okkar framleiðslugetu og sjáum fyrir okkur að Keilisnes geti verið næsta stóra verkefni fyrirtækisins á eftir uppbyggingunni sem nú stendur yfir í Ölfusi."

Jens segir enga tilviljun að sífellt fleiri sveitarfélög á Suðurlandi horfi til eldis á landi með atvinnuuppbyggingu í huga. Greinin eigi gríðarlega mikið inni og hafi alla burði til að verða einn af máttarstólpum íslensks atvinnulífs á næstu árum. ■

Tryggðu þér miða

Frumsýning 13. janúar

borgarleikhus.is

Allt fyrir þorrablótið!

Safnaðu inneign og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa-appinu

nettó

Karen leggur fram tillögu á hluthafafundi Tesla

Tillaga Karenar Róbertsdóttur um framtíð stjórnar bílaframleiðandans Tesla hefur vakið athygli vestanhafs. Virði Tesla er í frjálsu falli og Elon Musk sýnir lítinn áhuga.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Musk brann eitt sinn fyrir Tesla. Nú brennur hann fyrir Twitter. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

VIÐSKIPTI Karen Róbertsdóttir, íslenskur fjárfestir í bílafyrirtækinu Tesla, hefur vakið þó nokkra athygli vestanhafs fyrir tillögu sína til hluthafafundar í maí. Hún vill að fyrirtækið, sem hefur verið í frjálsu falli undanfarið, móti sér stefnu um stjórn til framtíðar þar sem framtíð Elon Musk sé óljós.

„Mig langar til að setja pressu á Tesla til að undirbúa stjórnendaskipti," segir Karen. „Tesla er ekki búið að gera neitt til að undirbúa að Elon Musk fari frá fyrirtækinu. Það er mikil áhætta því það er enginn sem mun augljóslega taka við af honum."

Karen hefur átt bréf í Tesla síðan árið 2017 fyrir nokkur hundruð þúsund dollara, eða nokkra tugi milljóna króna, í gegnum eignarhaldsfélagið Sumtris en hún starfar sem hugbúnaðarverkfræðingur hjá Isavia. „Virðið hefur verið að lækka svakalega mikið. Tesla er að hrapa," segir Karen. Virði fyrirtækisins var rúmir 407 dollarar á hlut í nóvember árið 2021. Nú er það 113 dollarar. „Við erum búin að tapa svakalega miklu á Tesla en þetta er gott fyrirtæki," segir hún.

Bendir hún á að flestir bílaframleiðendur hagnist ekkert eða mjög lítið á rafbílaframleiðslu í dag og margir hreinlega tapi fé.

„Tesla er frábært fyrirtæki en stjórnin er að drepa það og Elon gerir ekki neitt," segir Karen en eigandinn hefur beint nær allri sinni athygli að Twitter. Tillaga Karenar um svokallaða lykilpersónuáhættu (e. key person risk) hefur vakið þó nokkra athygli vestanhafs. Hefur meðal annars verið fjallað um hana í dagblaðinu Los Angeles Times.

Hún segist vongóð um að tillagan verði tekin fyrir á fundinum sem fram fer 16. maí næstkomandi. Hún hafi fengið þau skilaboð frá fyrirtækinu að tillagan uppfylli öll skilyrði til þess að verða tekin fyrir. Þó sé ekki loku fyrir það skotið að fundin yrði einhver ástæða til að hundsa hana.

Karen segist hafa heyrt af nokkurri gremju frá öðrum fjárfestum varðandi fundinn en honum var flýtt um nokkra mánuði. Færri hafi komið sínum tillögum til skila en vildu. ■

> Tesla er frábært fyrirtæki en stjórnin er að drepa það og Elon gerir ekki neitt.

Karen Róbertsdóttir, fjárfestir

Viltu leggja þitt af mörkum í starfi VR?

Uppstillinganefnd VR óskar eftir frambjóðendum til trúnaðarráðs VR. Áhugasöm geta gefið kost á sér með því að senda erindi á netfangið **uppstillinganefnd@vr.is fyrir kl. 12.00 á hádegi þann 20. janúar næstkomandi.**

Í samræmi við lög VR óskar uppstillinganefnd eftir frambjóðendum til að skipa lista stjórnar og trúnaðarráðs vegna listakosningar um trúnaðarráð í félaginu.

Uppstillinganefnd stillir upp lista til trúnaðarráðs sem endurspeglar félagið eins og mögulegt er hvað varðar aldur, kyn og störf félagsfólks. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

Vinsamlega athugið að ekki er heimilt að vera samtímis í framboði í listakosningu til trúnaðarráðs og einstaklingskosningu til stjórnar.

Hlutverk trúnaðarráðs VR er að vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins, svo sem við gerð kjarasamninga og stærri framkvæmdir.

Uppstillinganefnd VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍM I 510 1700 | WWW.VR.IS

VR

Lögreglumaður lagði ríkið vegna slyss

jonthor@frettabladid.is

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í síðustu viku íslenska ríkið til að greiða fyrrverandi lögreglumanni tæplega níu milljónir króna.

> Lögreglumaðurinn slasaðist við æfingu við neyðarvörn, þar sem hann var sjálfur að kenna.

Málið varðar atvik sem átti sér stað árið 2020. Þá starfaði maðurinn sem lögreglumaður og slasaðist við æfingu við neyðarvörn, þar sem hann var sjálfur að kenna.

Hann kvaðst hafa fengið slink á háls og höfuð og fundið mikinn verk og straum niður eftir vinstri handlegg. Jafnframt fann hann fyrir doða í fingrum eftir á. Þó sagðist hann hafa haldið kennslunni áfram og mætt til vinnu næstu daga þar sem hann vildi ekki riðla vaktaskipulagi.

Ríkið vildi meina að ekki væri fyllilega sannað að atvikið hefði átt sér stað daginn sem maðurinn lýsti og þá taldi það ekki liggja fyrir að meiðslin væru vegna starfs hans. ■

Lögreglumaðurinn þurfti að berjast gegn ríkinu í hartnær þrjú ár.

Dæmdur fyrir hómófóbíska söng

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Paul Boardman, stuðningsmaður Liverpool, hefur verið dæmdur til að greiða sekt eftir að hann náðist á myndband syngja hómófóbíska söng til stuðningsmanna Chelsea fyrir bikarúrslitaleikinn í fyrra. Það var því frekar auðveld sönnunarbyrðin.

Boardman átti miða á Wembley til að sjá úrslitaleikinn en brast í söng á lestarstöðinni og kyrjaði Chelsea rent boy. Lögreglan stoppaði hann og tók af honum miðann.

Söngurinn hefur verið mikið í fréttum síðustu viku. Fyrst var hann sunginn í leik Notthingam Forest og Chelsea síðasta sunnudag og aftur í leik Everton og Manchester United þar sem söngnum var beint að Frank Lampard, sem lengi lék hjá Chelsea. Söngurinn kom aftur við sögu í leik Manchester City og Chelsea í bikarnum á sunnudag.

Texti Chelsea rent boy er flokkaður sem hatursorðræða en rent boy er frasi um unga karlmenn sem selja sig. Á sjöunda áratugnum héldu ungir menn sem seldu sig til við Earls Court sem er skammt frá Stamford Bridge, heimavelli Chelsea.

Í umfjöllun breskra miðla um málið er sagt að Boardman sé fyrsti maðurinn sem dæmdur er fyrir að kyrja þennan söng en fleiri dómar gætu verið á leiðinni. Þá er knattspyrnusamband Englands að rannsaka öll hin atvikin. Talsmaður sambandsins sagði við Mirror að markmiðið væri að söngurinn myndi hætta að óma í stúkum. ■

Liverpool vann Chelsea í bikarnum í fyrra en Boardman sá ekki þann leik.

Eigum bíla til afgreiðslu strax.

ENNEMM / SÍA / NM014214

MG EHS Plug-in Hybrid – 7 ára ábyrgð*

Verð frá 6.490.000 kr.

Einstaklega sparneytin bensínvélin og viðbragðsgóður rafmótor MG EHS Plug-in Hybrid skila samanlagt 258 hestöflum og eldsneytisnotkun upp á aðeins 1,8 l/100 km**. Li-ion 16,6 kWh rafhlaðan skilar 52 km drægi á rafmagninu einu saman í blönduðum akstri samkvæmt WLTP-prófunum. Saman skila þessir þættir sér í lægri rekstrarkostnaði MG EHS Plug-in Hybrid.

Komdu og reynsluaktu þessum rúmgóða og þægilega fjölskyldubíl.

FLEX leiguverð: 173.890 kr. á mánuði.
Innifalið í leigu: bifreiðagjöld, tryggingar, þjónustuskoðanir, viðhald, dekk og dekkjaþjónusta.

mgmotor.is

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/
**Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla.

Recharge yourself

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Líkir menningarhúsinu Hofi við skrímsli sem étur börnin sín

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Michael Jón Clarke, tónlistarmaður á Akureyri, fer hörðum orðum um menningarhúsið Hof og líkir húsinu við skrímsli.

Þetta kemur fram í gagnrýni sem Michael ritar á staðarmiðilinn akureyri.net um Vínartónleika aðila í héraði ásamt Gissuri Páli Gissurarsyni tenóri.

Michael skrifar að kostnaður við svona tónleika sé miklu meiri en svo að þeir geti skilað hagnaði. Um salinn þar sem tónleikarnir fóru fram í ársbyrjun segir hann: „Hamrar er frábær tónleikasalur, eins og Hamraborg, en menningarhúsið er að verða líkara skrímsli sem étur börnin sín en miðstöð fyrir grasrótina til að vaxa og dafna eins og lagt var upp með á sínum tíma. Það er hverfandi að norðlenskir tónlistarmenn leggi út í svona fyrirtæki nema um kassaskemmtun sé að ræða," segir Michael. „Nokkrar kampavínsflöskur voru sprengdar af kórfélögunum upp á sviði en ekkert var í boði fyrir áheyrendurna þar sem veitingahúsið var lokað og ljósin slökkt. Heyrst hefur að sá rekstur muni verða lokaður til framtíðar eins og margur annar sem hefur hlotið sömu örlög í húsinu."

Tónlistarmaðurinn segir aðkallandi að rekstur menningarhúsa verði með þeim hætti að ala upp, næra og hlúa að börnum sínum, „ekki að éta og mergsjúga", eins og hann orðar það. ■

Of dýrt er sagt fyrir grasrótina að efna til tónleika í Hofi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Mikill kostnaður við ársþing KSÍ

benediktboas@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Knattspyrnusamband Íslands hefur óskað eftir hagstæðri leigu á íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði en ársþing sambandsins fer þar fram 25. febrúar. KSÍ sendi bæjarráði bréf þess efnis í byrjun árs en erindið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs í gær.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ

Í bréfinu segir að það sé dýrt fyrir KSÍ að halda ársþing úti á landi en það sé þó mikið metnaðarmál að halda ársþing reglulega utan höfuðborgarsvæðisins. KSÍ muni kappkosta að kaupa alla þá þjónustu sem þarf beint frá heimafólki.

> 77. ársþing KSÍ fer fram á Ísafirði 23. febrúar 2023. Þingið verður haldið í íþróttahúsinu á Torfnesi

„Það er kostnaðarsamt fyrir KSÍ að halda ársþing á landsbyggðinni. Leigja þarf góða aðstöðu og tæknibúnað fyrir þingið sjálft og flytja þarf á staðinn mannafla vegna framkvæmdar á ársþingi með tilheyrandi kostnaði vegna gistingar og uppihalds. Slíkur kostnaður getur verið umtalsverður. KSÍ mun að auki greiða fyrir veitingar allra þinggesta á þeim viðburðum sem tengjast þinginu," segir í bréfinu.

Bæjarráð fól Örnu Láru Jónsdóttur bæjarstjóra að vinna málið áfram. ■

Styðja uppbyggingu vindmyllugarða

Um helmingur Íslendinga styður uppbyggingu vindmyllugarða samkvæmt nýrri könnun Prósents en fjórðungur er á móti. Umhverfisráðherra segir þörf á að vanda sig en okkur liggi á.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Alls 48 prósent landsmanna styðja uppbyggingu vindmyllugarða á Íslandi. 26 prósent eru á móti. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósents fyrir Fréttablaðið.

Sextán prósent þeirra sem tóku afstöðu eru mjög hlynnt vindmyllugörðum og 32 prósent frekar hlynnt. Þrettán prósent eru mjög andvíg og sama hlutfall frekar andvígt. 26 prósent höfðu ekki skoðun á málefninu. Þó að fleiri styðji uppbyggingu vindmyllugarða en eru á móti er stuðningurinn samt minni en við byggingu fleiri vatnsafls- og jarðvarmavirkjana, en hann mældist 66 hjá Prósent í könnun sem birt var í síðustu viku.

Tiltölulega lítill munur er á svörum eftir stjórnmálaskoðunum miðað við fyrri könnunina. Sammerkt er þó að Framsóknarmenn eru hrifnastir af því að virkja. 57 prósent Framsóknarmanna vilja byggja vindmyllugarða en 15 prósent eru á móti.

56 prósent Sjálfstæðismanna vilja byggja vindmyllur en 22 eru á móti. Hjá Viðreisn eru hlutföllin 53 prósent á móti 21, hjá Samfylkingu 50 á móti 29, hjá Flokki fólksins 49 á móti 31, hjá Sósíalistum 44 á móti 39, hjá Miðflokksmönnum 41 á móti 40 og hjá Pírötum 38 á móti 21. En 41 prósent Pírata hafði ekki skoðanir á málefninu, langhæsta hlutfallið.

Aðeins hjá kjósendum Vinstri grænna mældist meiri andstaða en stuðningur við byggingu vindmyllugarða. 40 prósent þeirra eru fylgjandi en 41 andvígt.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, segist ekki festa sig við neinar aðferðir þegar kemur að því að búa til græna orku. „Mitt hlutverk er fyrst og fremst að vinna að því að við fáum græna orku til að uppfylla loftslagsmarkmiðin," segir hann. „Við þurfum að vanda okkur og gæta jafnvægis en á sama tíma liggur okkur á."

Stjórnvöld eru nú að skoða hvernig best sé að hafa fyrirkomulag vindorkuvera. Einn starfshópur er að rannsaka regluverkið í Noregi, Danmörku, Skotlandi og Nýja-Sjálandi. Annar er að skoða möguleika vindorku á sjó og sá þriðji að skoða reglugerðaumhverfið og reynslu annarra þjóða.

Guðlaugur segist ekki búast við því að öll þau áform sem nú eru í gangi verði að veruleika. En til dæmis er verið að skoða möguleika í Borgarbyggð, Norðurþingi og Múlaþingi.

„Sumt hefur ekki einu sinni farið fyrir rammaáætlun enn þá. Þannig að hversu mikið af þessum áformum verður að veruleika verður að koma í ljós," segir Guðlaugur. Það eina sem sé ákveðið eru Búrfellslundur og Blöndulundur.

51 prósent karla styður vindmyllugarða en 45 prósent kvenna. Andstaðan hjá báðum kynjum mældist hins vegar 26 prósent. Þegar litið er til aldurs eykst andstaðan með hækkandi aldri. 14 prósent 18 til 24 ára eru á móti en 38 prósent 65 ára og eldri. Stuðningurinn mælist hins vegar mestur hjá 35 til 44 ára, eða 56 prósent.

Munurinn á svörum eftir búsetu mældist nánast enginn. 48 prósent fólks á höfuðborgarsvæðinu styðja vindmyllur en 26 prósent eru á móti. Á landsbyggðinni mældust hlutföllin 47 prósent á móti 26. Þetta eru mjög ólík svör frá fyrri könnun, þar sem stuðningur við vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir mældist mun meiri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu.

Könnunin var netkönnun gerð 22. til 30. desember. Úrtakið var 4.000 og svarhlutfallið 49,6 prósent. ■

Vindmyllan sem stóð í Þykkvabæ til ársins 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Hversu hlynnt/ur ertu vindmyllugarði á Íslandi?



> Mitt hlutverk er fyrst og fremst að vinna að því að við fáum græna orku til að uppfylla loftslagsmarkmiðin.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Aðalmeðferð í bótamáli Tony Omos gegn ríkinu í dag

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Í dag fer fram aðalmeðferð í bótamáli Tony Omos gegn íslenska ríkinu sem nær meira en áratug aftur í tímann. Samkvæmt Kristjáni Ágústi Flygenring, lögmanni Omos, er stefnufjárhæðin 4 milljónir króna að viðbættum vöxtum og dráttarvöxtum vegna þvingunarráðstafana, handtöku, gæsluvarðhalds, húsleitar og haldlagningar á munum.

Omos, sem er frá Nígeríu, kom til Íslands sem hælisleitandi frá Sviss árið 2011. Varð hann einn af aðalleikendum í hinu svokallaða lekamáli sem leiddi til þess að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði af sér. Aðstoðarmaður hennar, Gísli Freyr Valdórsson, játaði að hafa lekið minnisblaði með trúnaðarupplýsingum um Omos til fjölmiðla. Þann 20. nóvember 2013 birti Fréttablaðið frétt upp úr þeim gögnum að Omos væri grunaður um aðild að mansali gegn barnsmóður sinni.

Tony Omos

Hanna Birna var ekki sú eina sem sagði af sér. DV greindi frá því að Stefán Eiríksson hefði sagt af sér embætti lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu vegna afskipta Hönnu Birnu af lekamálinu en hann neitaði því.

Málið gegn Omos var fellt niður. Árið 2015 greiddi Gísli Freyr honum svo um eina milljón króna í bætur vegna lekans. Kristján segir Omos enn þá búsettan á Íslandi. Engar viðræður um sættir við ríkið hafi verið ræddar. „Það var send krafa á ríkislögmann en henni hefur ekki verið svarað," segir Kristján. ■

ÚTSALA

10-70%

Langur vegur til rafbyssuvæðingar

Verði fyrirætlanir dómsmálaráðherra að veruleika má gera ráð fyrir að íslenska lögreglan fái brátt leyfi til að bera rafbyssur við störf sín. Slíkar hugmyndir hafa verið ræddar af íslenskum stjórnvöldum um árabil og hagsmunaaðilar með bein tengsl við rafbyssuframleiðendur hafa þar stundum lagt orð í belg.

thorgrimur@frettabladid.is

Rick Smith, forstjóri TASER sem framleiðir rafbyssur, hefur sagt sársaukann af notkun þeirra skammvinnan og áhættuna mjög litla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra tilkynnti á dögunum að hann hefði hafið vinnu til að heimila íslenskri lögreglu að bera rafbyssur við störf sín. Gert er ráð fyrir því að íslenskir lögreglumenn gætu tekið rafbyssur í notkun eftir um hálft ár ef áætlanirnar ganga greiðlega.

Enn á eftir að ræða hugmyndir Jóns innan ríkisstjórnarinnar en ef af þessu verður er um að ræða breytingu sem á sér margra ára aðdraganda.

Pétur Guðmann Guðmannsson, réttarmeinafræðingur á Landspítala

Axon á Íslandi

Fyrirtækið Axon Enterprises, Inc. (áður TASER International), sem þróaði og framleiðir rafbyssur, er þekkt fyrir umfangsmikla hagsmunagæslu sína á alþjóðavísu. Árið 2022 varði fyrirtækið til dæmis um 510.000 Bandaríkjadölum, eða jafnvirði um 73.404.300 íslenskra króna, til að greiða hagsmunagæslufyrirtækjum fyrir að tala máli sínu við Bandaríkjaþing.

Axon hefur beint og óbeint gert hosur sínar grænar bæði fyrir ríkisstjórn Íslands og fyrir íslenskum lögreglumönnum. Í október árið 2008 steig útvarpsmaðurinn Kristófer Helgason á svið á þingi Landssambands lögreglumanna til að kynna Taser-rafbyssur fyrir þingfulltrúum.

Kristófer var á þessum tíma stjórnarformaður Promax ehf., sem fór með umboð Taser á Íslandi, auk þess sem hann flutti rafbyssur inn til Íslands í gegnum fyrirtæki sitt, KHelgason. Promax er enn skráð í fyrirtækjaskrá Skattsins og vefslóðin taser.is er enn tengd við slóðina promax.is.

Rick Smith, forstjóri Taser, kom sjálfur til Íslands árið 2015 til að kynna rafbyssur fyrir íslenskum stjórnvöldum. Í viðtali sem Morgunblaðið tók við hann við það tilefni fullyrti hann meðal annars að rafbyssur minnkuðu meiðslahættu, sársaukinn af notkun þeirra væri skammvinnur og áhættan mjög lítil.

Smith fundaði í kjölfarið með Snorra Magnússyni, formanni Landssambands lögreglumanna, og Vilhjálmi Árnasyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi lögreglumanni. Rætt var um möguleikann á upptöku rafbyssna hjá íslensku lögreglunni og vísað til þess að þær myndu auka öryggi lögreglumanna, lækka sjúkra- og veikindakostnað hjá Sjúkratryggingum og auka möguleika lögreglukvenna til að beita valdi.

Rafbyssur og æsingsóráð

Notkun lögreglu á rafbyssum við handtökur hefur gjarnan verið bendluð við andlát fólks úr svokölluðu æsingsóráði (e. excited delirium).

Æsingsóráð er sagt vera sjúkdómsástand sem kemur fram þegar

Þorgrímur Kári Snævarr
thorgrimur@frettabladid.is

viðkomandi aðili veitir mótspyrnu eða streitist á móti og kemst í ást hugarástand. Viðkomandi á þá að geta komist í annarlegt ástand sem veldur öndunarstoppi, hjartastoppi, og í sumum tilfellum dauða.

Vísað hefur verið til æsingsóráðs sem dánarorsakar í krufningarskýrslum í ýmsum löndum, sér í lagi í Bandaríkjunum en einnig í Ástralíu, Kanada, Bretlandi og á Íslandi. Þrátt fyrir þetta er um að ræða umdeilt heilkenni sem nýtur takmarkaðrar viðurkenningar innan læknisfræðinnar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin viðurkennir ekki að æsingsóráð sé raunverulegt sjúkdómsástand og hvorki er að finna neina skilgreiningu á því í Alþjóðlegu flokkunarkerfi sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (ICD-10), sem er alþjóðastaðall við skráningu sjúkdómsgreininga, né í alþjóðlegu flokkunarkerfi fyrir geðraskanir (DSM-V).

Æsingsóráð á Íslandi

Æsingsóráðshugtakið og notkun þess til skýringar á andláti fólks í haldi lögreglu hafa orðið æ umdeildari á síðustu árum. Árið 2020 gaf bandaríska Brookingsstofnunin til dæmis út grein þar sem hópur taugalækna kallaði æsingsóráð „ónákvæmt hugtak sem [væri] skilgreint á huglægan máta og gjarnan beitt eftir á, á máta sem [leiddi] oft til misnotkunar."

Næsta ár gáfu samtökin Læknar í þágu mannréttinda (Physicians for Human Rights) út skýrslu þar sem tilvist æsingsóráðsheilkennis var hafnað afdráttarlaust.

Í skýrslunni var bent á að fámennur hópur höfunda sem hefðu bein fjárhagsleg tengsl við rafbyssuframleiðendur hefði staðið fyrir meirihluta allra rannsókna sem ættu að renna stoðum undir tilvist heilkennisins. Þá hefðu rafbyssuframleiðendur, sér í lagi Axon/Taser, gagngert beitt sér fyrir almennari læknisfræðilegri og lagalegri viðurkenningu á heilkenninu.

Í niðurlagi skýrslunnar var komist svo að orði að „ekki [væri] unnt að aðskilja hugtakið æsingsóráð frá rasískum og óvísindalegum uppruna þess."

Æsingsóráð hefur reglulega birst sem dánarorsök í krufningarskýrslum á Íslandi að minnsta kosti frá árinu 2007. Í mörgum slíkum tilvikum hefur verið um að ræða fólk sem lést í haldi lögreglu.

Æsingsóráð hefur reglulega birst sem dánarorsök í krufningarskýrslum á Íslandi, að minnsta kosti frá árinu 2007. Í mörgum slíkum tilvikum hefur verið um að ræða fólk sem lést í haldi lögreglu.

Árið 2017 fengu íslenskir lögreglumenn og lögregluþjálfarar fræðslu um æsingsóráðsheilkenni í fyrsta sinn. Fræðslan var veitt af lögreglumanni frá Ontario í Kanada sem vottaður var af bandarísku stofnuninni Institute for the Prevention of In-Custody Deaths (IPICD).

Stofnunin hefur verið virk í því að breiða út hugmyndina um æsingsóráðsheilkenni og þjálfa lögreglu í að bera kennsl á það. Hún á hins vegar sjálf í nánum tengslum við rafbyssuframleiðendur, því IPICD var stofnað árið 2005 af Michael Brave, lögfræðingi (National Litigation Counsel) hjá TASER, og John Peters, sem hefur unnið sem ráðgjafi og öryggismálasérfræðingur hjá TASER.

Pétur Guðmann Guðmannsson, réttarmeinafræðingur á Landspítala, viðurkennir í samtali við Fréttablaðið að æsingsóráð sé umdeilt hugtak en segir það þó viðtekið í réttarmeinafræði á Íslandi og annars staðar í okkar heimshluta. Flestir réttarmeinafræðingar fari varlega með að úrskurða æsingsóráð sem dánarorsök og byggja verði á ytri kringumstæðum við slíkan úrskurð. Um sé að ræða útilokunargreiningu sem sé háð ytri kringumstæðum og verði helst beitt ef öðrum dánarorsökum hafi verið hafnað.

Pétur kemst svo að orði að tilteknir hlutir sem hægt sé að deyja úr „lifi ekkert svo góðu lífi í almennum læknisfræðilegum litteratúr." ■

Stuðningsmenn Bolsonaro sagðir eftirhermur

Brasilískur prófessor segir að stuðningsmenn Jair Bolsonaro, fyrrverandi forseta Brasilíu, sem efndu til óeirða á sunnudaginn eigi sér margar hliðstæður við stuðningsmenn Donalds Trump. Byssueign í landinu hafi sexfaldast á fjórum árum og óttast hann að ofbeldi gæti aukist til muna.

helgisteinar@frettabladid.is

Að minnsta 300 manns hafa verið handtekin í Brasilíu eftir óeirðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

BRASILÍA Guilherme Casarões, prófessor í stjórnmálafræði við háskólann í São Paulo, segir við fréttastofu CBC að árásir á ríkisstofnanir Brasilíu um helgina hafi verið blanda af trumpisma og stuðningi brasilískra hægrimanna við herforingastjórn.

Stuðningsmenn Jair Bolsonaro réðust á sunnudaginn á þinghús landsins, hæstarétt og forsetahöll Brasilíu til að mótmæla embættistöku Luiz Inacio Lula da Silva sem forseta.

Hvorki Bolsonaro, sem flutti nýlega til Flórída, né stuðningsmenn hans hafa viðurkennt ósigur. Lula da Silva hefur lýst því yfir að skemmdarvargarnir verði dregnir til ábyrgðar.

Öryggissveitir brasilískra yfirvalda hafa náð völdum á ný í höfuðborginni Brasilíu þar sem árásirnar áttu sér stað og hafa fleiri hundruð manns verið handtekin í kjölfarið.

Casarões segir að óeirðirnar hafi í raun verið ávöxtur fjögurra ára valdatíðar Bolsonaro. Frá því að hann beið ósigur í forsetakosningum í október hafa stuðningsmenn hans tjaldað fyrir utan bækistöðvar hernaðaryfirvalda, lokað vegum og hegðað sér með afar ógnandi hætti.

„Þetta er eins og að horfa á endursýnda bíómynd sem þú veist hvernig endar. Það er mjög athyglisvert að sjá hversu mikið þeir apa eftir stuðningsmönnum Donalds Trump í Bandaríkjunum. Þeir bergmála hrognamál þeirra og hverju einustu samsæriskenningu. Meira að segja orðalag stuðningsmanna er nákvæmlega eins," segir Casarões við CBS.

Atvikið átti sér margar hliðstæður við árás stuðningsmanna Donalds Trump á bandaríska þinghúsið fyrir tveimur árum. Casarões segir hins vegar að brasilíski bragurinn á þessu atviki sé saga þjóðarinnar.

„Það er ekkert svo langt síðan við vorum með herforingjastjórn í Brasilíu. Þannig að þegar stuðningsmenn Bolsonaro halda því fram að um kosningasvindl sé að ræða vilja þeir á sama tíma að herinn ræni völdum," segir Casarões.

Árið 1964 gerði brasilíski herinn áhlaup á Rio de Janerio og neyddist Joao Goulart, forseti Brasilíu, til að fara úr landi. Ári síðar tók Castelo Branco, einn af leiðtogum valdaránsmannanna, við sem forseti og sat herinn við völd til ársins 1985.

Jair Bolsonaro hefur sagst vera mikill aðdáandi herforingjastjórnarinnar og efndi stjórn hans meðal annars til hátíðarhalda þann 1. apríl 2019 til þess að fagna 55 ára afmæli valdaránsins.

> Þegar stuðningsmenn Bolsonaro halda því fram að um kosningasvindl sé að ræða vilja þeir á sama tíma að herinn ræni völdum.
>
> Guilherme Casarões, prófessor í stjórnmálafræði við háskólann í São Paulo

Prófessorinn hefur einnig áhyggjur af því að ofbeldi í landinu gæti aukist til muna sökum reglubreytinga um skotvopnaeign undir ríkisstjórn Bolsonaro, en byssueign almennra borgara í Brasilíu hefur sexfaldast seinustu fjögur árin.

„Við vitum að sögulega séð hefur Brasilía verið land þar sem almenningur hefur ekki haft aðgang að skotvopnum. En Bolsonaro vildi auka aðgang að byssum í anda bandarísku stjórnarskrárinnar. Það gæti leitt til þess að við sjáum enn meira ofbeldi í landinu þar sem Brasilíumenn eru nú með aðgang að alls kyns skotvopnum," segir Guilherme Casarões við CBS. ■

Öryggisvörður ásamt varðhundi á lestarstöð í Nígeríu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Yfir þrjátíu manns rænt á lestarstöð í Nígeríu

helgisteinar@frettabladid.is

NÍGERÍA Að minnsta kosti 32 var rænt á lestarstöð í suðurhluta Nígeríu um helgina. Margir þeirra voru starfsmenn og farþegar sem biðu eftir lest.

Samkvæmt sjónarvottum mætti fjöldi byssumanna á lestarstöðina í bænum Igueben í Edo-héraði vopnaður AK-47 rifflum. Þeir skutu upp í loftið áður en þeir rændu starfsfólki og ferðalöngum og héldu með þá í nærliggjandi skóg.

Sumir urðu fyrir skoti en náðu engu að síður að flýja í nágrannaþorp þar sem þeim var bjargað. Á meðal þeirra voru kona og barn.

Nígerskar öryggissveitir, með aðstoð veiðimanna sem búsettir eru á svæðinu, leita að hinum fórnarlömbum mannræningjanna.

> Nígeríumenn hafa áhyggjur af tíðum árásum á óbreytta borgara landsins.

Miklar áhyggjur hafa verið í Nígeríu vegna fjölgunar árása á saklausa borgara. Rúmur mánuður er í forsetakosningar og hefur öryggi fólks í landinu verið mikið til umræðu. ■

Framboð til stjórnar Festi hf.

Tilnefningarnefnd Festi hf. auglýsir hér með eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins vegna aðalfundar Festi sem haldinn verður 22. mars næstkomandi.

Hlutverk tilnefningarnefndar er að undirbúa og gera tillögu um frambjóðendur við kjör stjórnar félagsins á aðalfundi. Skal að því stefnt að stjórnin sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi yfir fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar í á hverjum tíma. Við gerð tillögu um kosningu stjórnarmanna í Festi skal tilnefningarnefndin horfa til hæfni, reynslu og þekkingar, m.a. með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar.

Stjórnarmenn þurfa jafnframt að fullnægja þeim skilyrðum sem fram koma í samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög sbr. ákvæði 66. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Starfsreglur tilnefningarnefndar, samþykktir félagsins og önnur gögn eru aðgengileg á heimasíðu Festi.

Athygli er vakin á því að sérstök skilyrði eiga við um stjórnarmenn í Festi vegna sáttar félagsins við Samkeppniseftirlitið dags. 30. júlí 2018. Geta frambjóðendur kynnt sér skilyrðin á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins þar sem þau eru aðgengileg án trúnaðarupplýsinga.

Allir fimm núverandi stjórnarmenn í Festi hf. hyggjast gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Þess er óskað að tilnefningum eða framboðum sé skilað til tilnefningarnefndar á sérstökum eyðublöðum ásamt ferilskrá fyrir 3. febrúar 2023 á netfangið tilnefningarnefnd@festi.is.

Nálgast má gögnin á www.festi.is
undir fjárfestar/hluthafafundir Festi 2023.

Festi | Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogi | festi.is

FESTI

Vonda kaffið

Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Ég þekki fólk sem lætur mannvirðingar ráðast af því hverjir séu tilbúnir að sleppa umkvartanalaust matarhléum og lögbundnum frístundum ef krafa um afköst kallar á slíkt.

Gildir einu þótt álagið gæti leitt til örmögnunar. Sami hópur leitar helst aldrei til læknis vegna forvarna heldur aðeins þegar bein hefur brotnað eða eitthvað álíka drastískt. Brotið bein hamlar afkastagetu dagsins í dag. En að hafa áhyggjur af morgundeginum gæti verið hrein tímasóun.

Sá sem eyðir tímanum í að kvarta yfir vinnustaðarkaffinu eða siðferðislegum álitamálum verður seint talinn „sannur Íslendingur“. Framtíðin hefur í raun aldrei átt upp á pallborðið hérlendis, kannski vegna þess að lífsbaráttan hefur að jafnaði verið hörð og von um breytingar til bóta aðallega verið lúxus þeirra sem njóta efstu laganna. Sem oft hafa líka sérhagsmuni af því að tala fyrir breytingum.

Til eru fjölmiðlar hér á landi til marks um það viðhorf að ef hnattrænar loftslagsbreytingar eyði landi og þjóð verði bara svo að vera. Þannig hugsa sum afsprengi móðuharðindanna. Það er þá vitnað til þess að aldrei verði hægt að hafa stjórn á náttúruöflunum. En hið rétta er að maðurinn þarf ekki að óttast náttúruna nú um stundir heldur sjálfan sig og ábyrgðarskort gagnvart framtíðinni. Um það eru 990 af hverjum 1.000 loftslagssérfræðingum sammála.

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra og formaður Framsóknarflokksins, er aftur á móti afsprengi eftirlifenda móðuharðindanna. Hann hefur án umhugsunar og yfirlegu blásið fluglest út af borðinu eftir að hugmynd um sjálfbærar samgöngur kom til umræðu í síðustu viku.

Sigurður Ingi má þó eiga það að hann er sannur Íslendingur sem kvartar ekki undan kaffinu sínu. Hann hefur unnið myrkranna á milli en út frá hvaða hugmyndum?

Á sama tíma og kyrrstaða umlykur hugmyndaheim ríkisstjórnarinnar veldur mengun vegna samgangna heilablæðingum og hjartaáföllum. Sérfræðingar eru sammála um að umhverfisvænar almenningssamgöngur séu lykilviðbragð í nýrri hugsun.

En innviðaráðherra sér ekki að skoðun á fluglest falli undir mikilvægt verkefni. Að velta fyrir sér framtíðinni fellur ekki undir skyldur ríkisins að mati ráðherra hennar.

Í versta falli mun þessi gamaldags sýn leiða til þess að það verður ekkert kaffi til. Og enginn eftir til að drekka það. ■

> Á sama tíma og kyrrstaða umlykur hugmyndaheim ríkisstjórnarinnar veldur mengun vegna samgangna heilablæðingum og hjartaáföllum.

Halldór

Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Ónógur sjóndeildarhringur
Síðar í þessari viku fer fram ráðstefna hérlendis þar sem fólki gefst tækifæri til að kynnast nýjasta tískufyrirbærinu í þessum blessaði heimi okkar. Verður þar fjallað um svokölluð hugvíkkandi efni sem venjulegu fólki á að vera afar hollt að innbyrða svo það sjái nú loks hvernig allt er í pottinn búið. Kári Stefánsson genameistari hefur sagt það sjálfur að hann ætli að gleypa hugvíkkandi efni í morgunmat þegar hann hættir að vinna og hefur nægt tóm til að víkka hugann.

Andans menn og efnis
Risaspaðar á sviði hugvíkkunar munu mæta á ráðstefnuna samkvæmt auglýsingunni. Gestirnir verði heldur ekki neinir aukvisar, að minnsta kosti ekki að dæma af miðaverðinu sem er 69.990 krónur, sem maður þarf að að hafa ansi opinn hug til að finnast ekki doldið mikill peningur. Kaffi, te, ávextir, snarl og vatn er þó innifalið. Reyndar geta námsmenn sloppið billega því fyrir þá kostar aðeins 54.990 krónur. Hvaða námsmaður á ekki slíka upphæð afgangs eftir jólin? Og ekki má gleyma „góðgerðapassanum“ sem kostar 149.990. En þá fá gestir líka kvöldmat með fyrirlesurunum. ■

Vasar skattgreiðenda

Hildur Björnsdóttir
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

> Reykjavíkurborg er því eina stóra sveitarfélagið sem lætur fordæmalausa hækkun fasteignamats leggjast af fullum þunga á þegna sína.

Fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði í Reykjavík hækkuðu um 21 prósent um áramót. Fasteignaskattar á sérbýli hækkuðu um 25 prósent. Þetta er umtalsvert meiri hækkun en tilkynnt var um fyrir ári síðan og talsvert meiri hækkun en áætlanir borgarinnar gerðu ráð fyrir.

Hækkanir á fasteignamati leiða óhjákvæmilega til skattahækkana á heimili og fyrirtæki. Meðalfasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjavík er 53,5 milljónir en verður með hækkuninni 64,7 milljónir. Að jafnaði munu því fasteignaskattar á meðalíbúð í Reykjavík hækka um rúmlega 20 þúsund krónur árlega. Þetta kemur fram í útreikningum hagfræðideildar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 10,2 prósent á landinu öllu. Þetta þýðir samsvarandi skattahækkun á atvinnulíf, án þess að hækkuninni fylgi aukin þjónusta til fyrirtækjanna í borginni. Í erindi Félags atvinnurekenda til sveitarstjórna segir að með hækkuninni muni þrír milljarðar bætast við skattbyrði atvinnulífsins árlega. Skoraði félagið á sveitarfélögin að lækka álagningarhlutföll með samsvarandi hætti.

Á fyrsta borgarstjórnarfundi nýs kjörtímabils lagði Sjálfstæðisflokkur til lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði fyrir árið 2023. Með lækkuninni yrði brugðist við gríðarlegri hækkun fasteignamats. Sjálfstæðisflokkurinn stendur nefnilega með fólki og fyrirtækjum í borginni þegar skórinn kreppir. Við viljum draga úr álögum – og tryggja sanngjarna skattheimtu í Reykjavík. Meirihlutinn hafnaði tillögunni.

Viðbrögð nágrannasveitarfélaga við hækkuðu fasteignamati voru aftur á móti önnur – þar voru álagningarhlutföll lækkuð svo koma mætti til móts við hækkanir. Reykjavíkurborg er því eina stóra sveitarfélagið sem lætur fordæmalausa hækkun fasteignamats leggjast af fullum þunga á þegna sína. Sífellt er seilst dýpra í vasa skattgreiðenda.

Eitt af lykilatriðum þess að efla samkeppnishæfi borgarinnar er að lækka skatta á einstaklinga og fyrirtæki. Í dag innheimtir Reykjavík hæsta útsvar og hæstu fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Við erum í lifandi samkeppni við erlendar borgir og innlend sveitarfélög um fólk og fyrirtæki. Við verðum að gera betur. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is.* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Samspil ferðaþjónustu og náttúruverndar

Friðrik Rafnsson
formaður
Leiðsagnar

Tryggvi Felixson
formaður
Landverndar

Náttúra Íslands og ferðaþjónustan eru tvær hliðar á sama peningi. Ferðamenn koma til Íslands fyrst og fremst til að njóta náttúru landsins, landslags og víðerna. Ferðaþjónustan er orðin mikilvægasta atvinnugrein landsins og á ríkan þátt í að halda uppi góðum lífskjörum. Spillum við náttúrunni spillum við fjöreggi ferðaþjónustunnar og möguleikum komandi kynslóða til að afla sér lífsviðurværis.

Ferðaþjónustan nýtur almennt vinsælda. Hún kom Íslendingum upp úr hruninu og er ómetanlegt framlag til hagsældar í landinu.

Það eru mörk fyrir því hve marga ferðamenn náttúra landsins og samfélagið okkar getur borið með góðu móti. Ferðamálaráð spáir því að fjöldi erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim verði 2,9 milljónir árið 2025 og að þeir geti orðið 3,5 milljónir árið 2030. Í áætlunum sem kynntar voru á nýlegum fundi Isavia er gert ráð fyrir 2,2 milljónum ferðamanna árið 2023, sem er svipað og árið 2018.

Orkuskipti í ferðaþjónustu

Nýleg orkuskiptaspá Orkustofnunar (OS) byggir á spá Seðlabankans um hóflega aukningu. Þar er gert ráð fyrir 2,1 m. ferðamanna 2024, 2,3 m. 2025 og 2,5 m. 2030. Þar segir að fjöldi ferðamanna hafi áhrif á orkunotkun bæði vegna millilandaflugs og fjölda bílaleigubíla.

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna erlendra ferðamanna á Íslandi er umtalsverð nú þegar. Miðað við framangreinda spá OS mun orkuþörf og losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) aukast verulega á Íslandi vegna fjölgunar ferðamanna á næstu árum. Í spá OS, þar sem vaxandi orkuþörf fyrir flugvélaeldsneyti yrði mætt með rafeldsneyti sem framleitt yrði innanlands, þyrfti um 400 GWh. af raforku á ári. Það samsvarar um 1/5 af núverandi raforkuframleiðslu.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að vaxandi fjöldi skemmtiferðaskipa komi til landsins. Þeirri starfsemi fylgir bæði losun gróðurhúsalofttegunda og aukið álag á vinsælustu ferðamannastaðina.

Frá árinu 2005 til 2022 er áætlað að losun gróðurhúsalofttegunda vegna sölu á flugvélaeldsneyti til millilandaflugvéla hafi rúmlega tvöfaldast. Þrátt fyrir spár um vaxandi notkun rafeldsneytis er reiknað með losunin liðlega þrefaldist miðað við árið 2005 fram til ársins 2030.

Álagið á íslenska náttúru mun einnig vaxa vegna þess að byggja þyrfti fleiri orkuver til að mæta eftirspurn eftir innlendu rafeldsneyti svo hægt verði að þjóna ferðamönnum.

Álag á vinnumarkað og samfélag

Gangi framangreindar spár eftir vex álag á ferðamannastaði og vegakerfi umtalsvert. Spurning hvort upplifun ferðamanna verður jafn jákvæð og fram til þessa ef fjöldinn vex enn frekar.

Áhrifin á íslenskt samfélag, vinnumarkað og efnahagslíf eru annar fylgifiskur aukins ferðamannastraums til landsins. Þótt ferðaþjónusta sé mikilvæg atvinnugrein má færa haldgóð rök fyrir því að ekki sé æskilegt að hagsæld Íslendinga verði að verulegu leyti aðeins undir velgengni hennar komin. Þá er vafasamt að mikil fjölgun ferðamanna og langtíma hagur ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar fari saman. Víða um heim hafa áður vinsælir ferðamannastaðir misst aðdráttarafl vegna of mikils fjölda gesta. Meðalvegurinn í þessu efni getur verið vandrataður en með samvinnu yfirvalda og fagfólks í ferðaþjónustunni á að vera hægt að finna leið þar sem allir aðilar, ferðaþjónustan og erlendu gestirnir okkar, ná í senn að nýta og njóta.

Það er deginum ljósara að vaxandi fjölda ferðamanna fylgja margar og erfiðar áskoranir. Ýmislegt hefur verið gert til að auka afkastagetu á

vinsælustu ferðamannastöðunum. Hingað til hefur hins vegar lítið sem ekkert verið gert til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna ferðaþjónustunnar.

Gæðin í öndvegi

Til þess að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda er sú aðgerð skjótvirkust að stöðva eða takmarka fjölgun ferðamanna. Fjöldatakmarkanir bæta einnig forsendur fyrir verndun náttúru landsins, auka gæði þjónustu og upplifunar gesta okkar. Hafnarmannvirki og flugvellir eru inngangurinn að Íslandi – mannvirki í eigu almennings. Til að takmarka fjölgun ferðamanna á Íslandi geta eigendur, við Íslendingar, beitt sér með markvissum hætti. Einnig má beita hagrænum stýritækjum. Það síðarnefnda, ef marka má reynsluna af tillögum um komugjald, yrði afar umdeilt. Það er ekki haldbært til lengdar að láta kylfu ráða kasti í þessum efnum og tímabært að marka stefnu um hámarks fjölda ferðamanna og reiða fram aðgerðaáætlun til samræmis. Stjórnvöld verða að taka af skarið, móta bæði stefnu og leið, áður en það verður of seint.

Við sem erum eldri en tvævetur munum að græðgin hefur stundum leikið Íslendinga grátt með skelfilegum afleiðingum. Ofveiði hefur leitt til að fiskistofnar hrundu og landið var og er víða illa leikið vegna ofbeitar. Þetta eru víti til varnaðar og við verðum að gæta þess að ferðaþjónustan falli ekki í þennan sama pytt.

Ísland er í rauninni undraland, náttúruperla, og við Íslendingar berum ábyrgð á að hún haldi áfram að vera það. Forsenda þess að ferðaþjónustan haldi áfram að vaxa og dafna um allt land á næstu árum er sú að við vöndum okkur, höfum náttúruvernd, gæði, öryggi og fagmennsku að leiðarljósi. Þá mun okkur vel farnast. ■

Lokun Keflavíkurvegar og tengd mál

Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og dýraverndarsinni

Undirrituðum fannst illt að horfa upp á lokun Keflavíkurvegar um jólin, þá lífæð íslenzks þjóðfélags sem sá vegur er, og skelfilegar afleiðingar lokunar fyrir tugþúsundir saklausra ferðamanna, sem auðvitað treystu á íslenzka innviði, sæmileg íslenzk gæði fyrir ferðamenn, með sína heimsókn og fjárfestingu í Íslandi, svo að ekki sé talað um tugmilljarða tap okkar sjálfra, Icelandair, Play og annarra, beint og óbeint, vegna lokunar vegarins, en ekki munu tugþúsundir strandaglópa hér, margir án rúms og eðlilegs matar sólarhringum saman, um háhátíðina, bera Íslandi og Íslendingum góða söguna og hvetja aðra til heimsóknar til landsins.

Ef skoða skal málefni líðandi stundar er oft gott að líta fyrst á bakgrunninn, forsöguna.

Vegamálastjórar 1992 til 2018

1992-2003 var Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri. Hann var bygginga-verkfræðingur, hafði unnið hjá dönsku verkfræðifyrirtæki og síðan á margvíslegum sviðum Vegagerðarinnar í 34 ár áður en hann varð vegamálastjóri.

2003-2008 var Jón Rögnvaldsson, byggingaverkfræðingur, með vega- og brúargerð sem sérgrein, frá tækniháskóla í Þýzkalandi, vegamálastjóri. Jón hafði starfað að málefnum Vegagerðarinnar í 37 ár, þegar hann var skipaður.

2008-2018 var Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. Hann var doktor í jarðfræði, sem auðvitað tengist vegagerð sterklega. Hann hafði verið starfsmaður Vegagerðarinnar í 17 ár, þegar hann var skipaður.

Hjá þessum mönnum fór saman mikil fagmenntun og fagreynsla, sem auðvitað kom að ómetanlegu gagni við greiningu, skipulagningu, stjórnun, eftirlit og aðhald með starfsmönnum og starfsemi stofnunarinnar.

Auðvitað gættu þeir ráðherrar, sem að nefndum skipunum stóðu, þess að, auk ríflegrar fagþekkingar, byggju þessir umsækjendur yfir hæfileikum og reynslu til skipulags, stjórnunar og eftirlits.

Er fagþekking nauðsynleg við stjórnun?

Stjórnun starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar kallar, annars vegar, á forystuhæfileika, og, hins vegar, á nægilega þekkingu á fyrirtækinu og verkefnum þess, fagþekkingu, til að stjórnandi geti rætt við aðstoðar- og undirmenn sína um málefni, stefnu og þarfir fyrirtækisins af viti.

Tökum dæmi: Yfirdýralæknir vinnur einkum í því, að skipuleggja, móta stefnu og stýra dýralækningum, dýravernd og dýravelferðarmálum í landinu. Til að hann geti gert það vel – reyndar er vel skipað í það embætti nú – þarf hann að vera vel inni í faginu, helzt dýralæknir.

Ekki væri skynsamlegt, að skipa byggingaverkfræðing í starfið, þótt góður stjórnandi væri. Hvernig ætla menn að stjórna því vel, sem þeir hafa lítið vit á? Nema þá, að þeir láti ráðgjafa upplýsa og stjórna sér. Verða handbendi sinna eigin manna.

Vegamálastjóri 2018-dagsdato

Í júlí 2018 skipaði Sigurður Ingi – lét reyndar varaformann sinn, Lilju Dögg, annast skipunina vegna náinna tengsla sinna við þann, þá manneskju, sem til stóð að skipa – Bergþóru Þorkelsdóttur vegamálastjóra.

Bergþóra er með kandídatspróf í dýralækningum frá Kaupmannahafnar-háskóla, var þar samtímis Sigurði Inga, og munu þau vera miklir og góðir vinir, sem er auðvitað fínt og í lagi, en hún hafði líka stundað nokkurt nám í markaðsfræði og rekstrar-/viðskiptafræði.

Reynsla Bergþóru mun vera mest úr þremur fyrirtækjum:

Líflandi-Kornax, 2005-2012, en það er sölu- og dreifingarfyrirtæki fyrir hráefni fyrir bakara o.fl.

2012-2015 fór hún yfir til Fastus, sem framkvæmdastjóri, en Fastus er innflutnings- og heildsölufyrirtæki, sem sérhæfir sig í tækjabúnaði fyrir heilbrigðisþjónustuna, hótel, veitingastaði o.fl.

Loks fór Bergþóra til ÍSAM ehf, þar sem hún var forstjóri 2015-2018. ÍSAM er gamalt heildsölufyrirtæki með ýmis járn í eldinum.

Hjá ÍSAM endaði ferill Bergþóru þó brátt og ógæfulega í marz 2018, þegar í ljós kom að ÍSAM hafði tapað 300 milljónum króna 2017.

Varla stjórnun upp á 10 það.

Ráðningarferli vegamálastjórans nýja

Sigurður Ingi skipaði hæfnisnefnd til að meta hæfni umsækjenda. Í nefndinni voru Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, Aðalsteinn Ingólfsson, forstjóri Skinneyjar-Þinganess (bróðursonur fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins), og Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í samgönguráðuneytinu (starfsmaður Sigurðar Inga).

Hæfnisþættirnir, sem hæfnisnefnd vann með, voru fyrir undirrituðum skrýtnir:

Menntun var metin á núll, hafði ekkert, 0%, vægi.

Almenn stjórnunar-, rekstrar- og stefnumótunarreynsla hafði, hins vegar, alls 55% vægi.

Svo kom önnur reynsla, nefnilega reynsla af þátttöku í alþjóðasamstarfi plús hæfileikar til að miðla upplýsingum, plús kunnátta í ensku og Norðurlandamáli, með alls 30% vægi.

Fagleg þekking á samgöngum eða atvinnulífi hafði mögur 15% vægi.

Fyrir mér hefðu þessir hæfnisþættir og útfærsla öll átt bezt heima í Íslenzkri fyndni.

Meðumsækjanda Bergþóru, Magnúsi Val Jóhannssyni, byggingaverkfræðingi frá HÍ, með meistaragráðu í rekstri/stjórnun frá Englandi, sem hafði 36 ára fag- og stjórnunarreynslu í stofnuninni sjálfri, síðustu árin sem framkvæmdastjóri mannvirkjagerðar, var hafnað.

> **Fyrir mér hefðu þessir hæfnisþættir og útfærsla öll átt bezt heima í Íslenzkri fyndni.**

Ábyrgðin á lokun Keflavíkurvegar

Sigurður Ingi, sem innviðaráðherra, ber auðvitað pólitíska ábyrgð á lokuninni. Praktíska ábyrgð ber vegamálastjóri og reyndar líka Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.

Ætla má að forðast hefði mátt lokun ef þessir embættismenn hefðu náð betur saman um skipulag, stjórnun og framkvæmd aðgerða til að halda veginum opnum.

Frumkvæði að slíku hlýtur að hafa legið hjá vegamálastjóra. Aukin fagþekking hefði örugglega komið þar að gagni, þó að ekki skuli fullyrt, að hún hefði breytt útkomu.

Sigurður Ingi ber fyrir sig að Vegagerðina vanti heimild til að fjarlægja fasta bíla. Spyrja má, af hverju hann hefur ekki tryggt Vegagerðinni slíkt leyfi. Eins hefði auðvitað mátt fjarlægja fasta smábíla í samvinnu við lögregluna á Suðurnesjum.

Bergþóra dembir bara öllum vegagerðamálum í einn pott, og ber fyrir sig skorti á fjárframlögum. Slík skýring eða afsökun stenzt illa, því opin og greið umferð um Keflavíkurveginn, gott og virkt samband milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins, hlýtur að vera algert forgangsmál, sem Vegagerðin, með sínum núverandi tækjabúnaði og mannafla, verður að ráða við.

Fyrir undirrituðum er þetta mál allt hálf óþægilegt. ■

Neyðarástand er dauðans alvara

Guðmundur Ingi Kristinsson
þingflokks-formaður Flokks fólksins

Það er þyngra en tárum taki að sökum vanfjármögnunar og skorts á heilbrigðisstarfsfólki hafi myndast grafalvarlegt ástand á bráðamóttöku Landspítalans um jólin. Ástandið er dauðans alvara og á ábyrgð stjórnvalda. Þau hafa vitað af ástandinu á bráðamóttöku Landspítalans ekki bara svo mánuðum skiptir, heldur árum saman.

Að sjúklingur sé sendur heim og að hann látist nokkrum klukkustundum síðar er grafalvarlegt mál sem átti aldrei að eiga sér stað. Heilsa og öryggi borgaranna á að vera forgangsverkefni stjórnvalda. Hvort þetta neyðarástand á bráðamóttökunni hafi leitt til andláts mannsins eða mannleg mistök er mál sem verður að upplýsa og rannsaka til hlítar.

Þá hefur fækkað stórlega í hópi lækna á bráðamóttöku Landspítala og hafa uppsagnir hjúkrunarfræðinga skipt tugum og það þrátt fyrir ítrekað ákall þeirra og læknanna um aðgerðir strax vegna ástandsins.

Að starfsfólk bráðamóttöku sinni meira en helmingi fleiri sjúklingum en pláss er fyrir og verði fyrir vikið

> **Oft hefur verið þörf en nú er lífsnauðsynlegt að við tökum höndum saman og forgangsröðum rétt og segjum fólkið fyrst og svo allt hitt.**

að vinna margfalt hraðar er óásættanlegt ástand fyrir starfsmenn og ávísun á mistök. Það er ekki hægt að tryggja öryggi sjúklinga við þessar aðstæður. Þá fara samskipti við sjúklinga í síauknum mæli fram á gangi fyrir framan aðra sjúklinga og það um mjög viðkvæm málefni.

Hvers vegna hafa ríkisstjórnir undanfarinna áratuga leyft ástandinu í heilbrigðismálum að verða að þessu neyðarástandi? Fyrir 50 árum gat maður farið á bráðamóttöku Borgarspítalans og fengið þjónustu á einni klukkustund. En í dag gefst fólk upp eftir margra klukkustunda bið.

Núna er einnig um mánaðar bið eða lengri eftir heimilislækni, en áður fyrr fékk maður tíma hjá honum samdægurs eða daginn eftir. Áður fyrr voru sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi og veikt fólk fékk þjónustu í nærumhverfi, en verður nú að fara um langan veg og það í misjöfnu veðri.

Hvenær og hvers vegna hætti þetta góða kerfi að virka og fór inn á þessa skelfilegu neyðarbraut sem veldur óbætanlegum skaða á veiku

fólki? Hvers vegna vilja ekki um eitt þúsund hjúkrunarfræðingar starfa við þá vinnu sem þeir hafa menntað sig í? Það er ekki rétt lausn að mennta fleiri. Það þarf að ná til þeirra sem ekki starfa í faginu með samningum um betra starfsumhverfi og kjör sem er lausnin á vandanum og þá einnig að semja við sérgreinalækna og sjúkraþjálfara strax.

Oft hefur verið þörf en nú er lífsnauðsynlegt að við tökum höndum saman og forgangsröðum rétt og segjum fólkið fyrst og svo allt hitt. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 10. janúar 2023

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Margir reyna að finna nýtt áhugamál á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýtt upphaf

sandragudrun@frettabladid.is

Nú þegar nýja árið er gengið í garð, jólin liðin og hversdagsleikinn tekinn við eru margir farnir að huga að því að gera einhvers konar breytingar á lífi sínu, stórar eða litlar. Líkamsræktarstöðvar fyllast því fólk ætlar að standa við áramótaheitið og taka heilsuna í gegn. Gönguhópar spretta upp eins og gorkúlur og auglýsingar dynja á okkur um hin og þessi spennandi námskeið. Það er ekki bara heilsan sem fólk vill taka föstum tökum á nýju ári, margir vilja líka finna sér nýtt og skemmtilegt áhugamál til að auðga lífið.

Af nægu að taka

Það skortir ekki framboðið af námskeiðum núna í janúar og sums staðar er jafnvel boðið upp á ókeypis prufutíma, áður en ákvörðun er tekin um framhaldið. Í kvöld er til dæmis hægt að skella sér í ókeypis prufutíma í sóló-salsa hjá Salsa Iceland. Móar studio bjóða líka upp á ókeypis prufutíma í vikunni svo fleiri dæmi séu nefnd. Á bókasöfnunum er líka alltaf nóg af viðburðum og námskeiðum þar sem hægt er að læra eitthvað nýtt, eins og að búa til barmmerki, taka upp hlaðvarpsþátt og sauma á saumavél. Af nægu er að taka og um að gera að stíga út fyrir þægindarammann á árinu. ■

Andrea átti frábæru gengi að fagna á síðasta ári og var á dögunum útnefnd íþróttakona Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sigursælasta hlaupakona landsins

Andrea Kolbeinsdóttir, hlaupakona úr ÍR, er sigursælasta hlaupakona landsins. Hún gerði sér lítið fyrir og vann öll þau 25 hlaup sem hún tók þátt í á Íslandi á nýliðnu ári og að auki bar hún sigur úr býtum í Fossavatnsgöngunni sem er stærsta skíðagöngukeppni á Íslandi. 2

Andrea á fleygiferð í Fossavatnsgöngunni þar sem hún bar sigur úr býtum í 50 kílómetra skíðagöngu. Hún er komin í æfingahóp á gönguskíðum þar sem hún æfir 2-3 sinnum í viku.

Andrea fagnaði sigri í Reykjavíkurmaraþoninu á þriðja besta tíma kvenna frá upphafi.
MYNDIR/AÐSENDAR

Guðmundur Hilmarsson
gummih
@frettabladid.is

Til að kóróna frábært íþróttaár var Andrea útnefnd íþróttakona Reykjavíkur þar sem hún tók á móti viðurkenningu sinni í síðasta mánuði.

Andrea, sem verður 24 ára gömul í næsta mánuði, varð Íslandsmeistari í maraþoni þegar hún bar sigur úr býtum í Reykjavíkurmaraþoninu á þriðja besta tíma kvenna frá upphafi. Hún vann Laugavegshlaupið á nýju brautarmeti kvenna og vann öll stærstu hlaupin hér á landi. Andrea varð í 2. sæti í sterku utanvegahlaupi í Sviss þar sem hún hljóp 50 kílómetra fjallahlaup, sem um leið var hennar fyrsta utanvegahlaup erlendis. Hún hafnaði í 21. sæti á heimsmeistaramótinu í utanvegahlaupum sem haldið var í Taílandi og hún er Íslandsmeistari í 5 og 10 kílómetra götuhlaupi ásamt 8 kílómetra víðavangshlaupi. Andrea lauk svo árinu á viðeigandi hátt þegar hún kom fyrst í mark í Gamlárshlaupi ÍR.

> **Þetta er hundrað prósent besta íþrótta-árið mitt. Það gekk eiginlega allt upp hjá mér og þetta var bara geggjað ár.**
>
> Andrea Kolbeinsdóttir

„Þetta er hundrað prósent besta íþróttaárið mitt. Það gekk eiginlega allt upp hjá mér og þetta var bara geggjað ár. Þetta er fyrsta árið sem ég er ekki að glíma við nein meiðsli og það var markmið sem ég setti mér fyrir árið til að eiga möguleika á að standa mig vel og taka þátt í öllum þessum hlaupum," segir Andrea.

Hún segir Laugavegshlaupið og Reykjavíkurmaraþonið hafa staðið upp úr hjá sér á árinu 2022. Spurð hvers vegna hún nefni þessi tvö hlaup segir hún:

„Þetta eru stærstu hlaupin á Íslandi á hverju ári. Það eru flestir að taka þátt í þessum hlaupum og flestir að fylgjast með þeim. Það var því sérstaklega gaman að vinna bæði þessi hlaup. Þetta var mitt annað Laugavegshlaup og ég bætti tímann minn og þar með brautarmetið um 22 mínútur frá árinu áður. Það var alveg geggjað hlaup og allt sem gekk upp hjá mér í því. Ég held að það hafi svona verið hápunktur sumarsins hjá mér," segir Andrea og bætir við:

„50 kílómetra Wildstrubel-hlaupið í Sviss í september var fyrsta utanvegahlaupið mitt erlendis og var mjög lærdómsríkt. Heimsmeistaramótið í Taílandi í nóvember þar sem ég keppti í 40 kílómetra utanvegahlaupi var við erfiðustu aðstæður sem ég hef hlaupið í, 30 stiga hiti og 2.400 metra hækkun. Þá hjálpaði reynslan frá Sviss mikið og undirbúningurinn hérna heima þar sem ég endaði oft æfingadaginn á 20-30 mínútna saunu fyrir hitaaðlögun."

Hennar stærsta viðurkenning

Andrea segir að það hafi komið sér skemmtilega á óvart að vera valin íþróttakona Reykjavíkur.

„Það var mikill heiður að hljóta þennan titil og hann kom mér skemmtilega á óvart. Þetta er stærsta viðurkenning sem ég hef fengið. Þarna eru allar íþróttagreinar undir og það að hafa skákað öllum þeim frábæru íþróttakonum sem eru í Reykjavík var frábært fyrir mig," segir Andrea.

Undir lok síðasta árs kusu Samtök íþróttafréttamanna íþróttamann ársins. Andrea komst ekki á blað í þeirri kosningu og fékk ekkert stig en þess má geta að skíðagöngumaðurinn Snorri Einarsson, sem var kjörinn íþróttamaður Reykjavíkur, fékk 43 stig í kosningunni á íþróttamanni ársins og endaði í 13.-14.sæti. Andrea er spurð að því hvort það hafi ekki verið svekkjandi að fá ekki stig.

„Ég hef svo sem ekkert verið að hugsa út í þetta né láta þetta pirra mig. Ég veit að fólk svona í kringum mig var eitthvað ósátt og fannst að ég ætti að vera á listanum þar sem ég var kosin íþróttakona Reykjavíkur. Ég veit að boltagreinarnar fá meiri athygli heldur en hlaupin að öllu jöfnu," segir hlaupakonan.

Andrea er ekki bara frábær hlaupari heldur hefur hún af og til skellt sér á gönguskíðin og stóð uppi sem sigurvegari í Fossavatnsgöngunni á Ísafirði á síðasta ári þar sem hún gekk 50 kílómetra á rúmum þremur klukkustundum.

„Ég ákvað fyrir rúmu ári síðan að prófa að keppa á gönguskíðum. Ég hafði alltaf farið á gönguskíði með fjölskyldunni í páskafríum frá því ég var lítil og bjó í Noregi. Það voru margir mjög hissa þegar ég sagðist ætla að leggja aðeins meiri kraft í gönguna en ég vildi prófa og það var klárlega annar háþunkturinn á liðnu ári að vinna Fossavatnsgönguna," segir Andrea, sem reiknar með að gera meira af því að stunda skíðagöngu.

„Ég er komin í æfingahóp á gönguskíðum og er að æfa undir stjórn Einars Ólafssonar. Ég er núna að æfa skíðagöngu 2-3 sinnum í viku með hlaupunum og planið er að keppa meira í göngunni. Ég ætla að byrja árið á að keppa aðeins á gönguskíðum, sem á síðan eftir að hjálpa mér helling í hlaupunum," segir Andrea.

Hvernig leggst nýja árið í þig og hver eru markmiðin?

„Ég hlakka til að gera enn þá betur á þessu ári og veit að ég á helling inni. Eina markmiðið sem ég er búin að skrifa niður á blað eins og er, er að hlaupa Laugaveginn á undir 4:30 klukkustundum. Áður en ég einblíni 100 prósent á utanvegahlaupin eins og ég sé fyrir mér að ég muni gera í framtíðinni langar mig að bæta tímana mína í 3.000 metra hindrunarhlaupi og 5.000 metra á hlaupabrautinni og svo stefni ég líka á að komast í hratt maraþon erlendis einhvern tímann á næstunni. Það eru fullt af skemmtilegum hlaupum í sumar, bæði hérna heima en líka til dæmis heimsmeistaramótið í utanvegahlaupum í Austurríki og Evrópubikarinn í Póllandi," segir Andrea, sem á þessum tíma árs segir það hressandi að fara út að hlaupa þó að það sé 10 stiga frost eða 10 metrar á sekúndu. Þó skelli hún sér oftast á hlaupabrettið einu sinni í viku með góða tónlist í eyrunum.

Er sinn eigin þjálfari

Andrea leggur stund á nám í læknisfræði og er á þriðja ári en grunnnámið tekur sex ár áður en sérnám tekur við. En hvernig skyldi henni ganga að æfa með læknisfræðinni?

„Það hefur gengið vel en eftir að metnaðurinn jókst í íþróttunum viðurkenni ég að námið getur stundum verið íþyngjandi og smá stressandi. Þessi önn leggst samt vel í mig þar sem hún fer að mestu í BS-ritgerðarskrif, svo stefni ég á að fara aðeins að æfa erlendis þar sem ég þarf ekki að mæta í skólann heldur get tekið tölvuna með mér og skrifað hvar sem er." Hún þakkar Yin jóga að hún sé meiðslalaus og í toppformi.

„Ég hef lært af þeim meiðslum sem ég hef lent í og núna fer ég reglulega í Yin jóga hjá systur minni sem er jógakennari. Þetta hefur gagnast mér ansi mikið hvað skrokkinn varðar og þá er ég dugleg að fara í heita og kalda potta og í gufubað. Ég hlusta rosalega vel á líkamann og mér hefur aldrei liðið jafn vel og í dag."

Andrea er sinn eigin þjálfari og hún segir að það henti sér mjög vel. „Ég hef ekki haft neinn þjálfara í tvö ár og mér finnst það gott. Ég bý til mitt eigið æfingaplan og get stýrt álaginu eins og ég vil og keppt í öllu án þess að þjálfari segi mér hvað ég á að gera. Þetta hentar mér ansi vel." ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf

Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

SÚKKULAÐI HNETUR KARAMELLA NÚGGAT

SNICKERS®

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR
Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglærðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

DYRASÍMAR WIFI-NET
SJÓNVARP Uppsetning - viðhald
Rafeindameistarinn ehf 777-4944

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

HEILBRIGT LOFT
HEILBRIGÐ HEIMILI

LOFTRÆSTIKERFI MEÐ VARMAENDUVINNSLU

-BETRI LOFTGÆÐI
-RÉTT RAKASTIG
-MINNA RYK
-FÆRRI ÖRVERUR
-MINNA ORKUTAP

ER ÞÍN ÍBÚÐ EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ GÓÐU LOFTRÆSTIKERFI?

ÍSHÚSIÐ viftur.is
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Rangfærslur um skógrækt

Pétur Halldórsson
kynningarstjóri hjá Skógræktinni

Hjálmar Waag Árnason skrifar í Fréttablaðið 3. janúar og fullyrðir í fyrirsögn: „Hættur stafa af skógrækt“. Kúnstin í allri náttúruvernd sé að viðhalda fjölbreytileika lífríkis með því að halda raski á náttúrunni sem minnstu. Þetta myndi gilda um Ísland ef landið væri á annað borð óraskað. Það er Ísland ekki. Landið er örum rist af landnýtingu allt frá landnámi, skóglendi að mestu á bak og burt, stór hluti jarðvegs og gróðurhulu sömuleiðis.

Hjálmar nefnir lúpínu og meinta ógn af henni. Ástæðan fyrir því að lúpína er svo dreifð sem raun ber vitni er ekki máttur hennar sjálfrar heldur vinnuvélanna og áhugafólks um allt land sem dreifði henni til að græða land og bæta lífríkið. Í kjölfar lúpínu vaxa nú víða þær plöntutegundir sem hurfu þegar við spilltum landinu.

Gróður eykur líf í ám

Vissulega er lúpína víða með bökkum Laxár í Leirársveit en langt í frá einráð í gróðurfarinu. Hjálmar fullyrðir að mófuglar séu horfnir en vísar ekki í talningar. Ég leyfi mér að efast. Við Laxá í Leirársveit hefur það sama gerst og víða um land í lágsveitum, að gróðurfar hafi eflst við minnkandi beit. Mikil gróska er meðfram ánni. Það skilar sér í auknu smádýralífi sem þýðir aukið æti fyrir fiskinn í ánni og fyrir fugla. Fallegt myndband er á vefnum laxaleir.is sem sýnir gróskumikið og fjölbreytt gróðurfarið við ána.

Gróður við ár fóðrar nefnilega lífið í ánum. Líffræðingar hafa fundið ertuyglulirfur í innyflum fiska í íslenskum ám sem fallið hafa af lúpínu á árbökkum. Víða um land má finna ár vaxnar lúpínu á bökkunum og fátt sem bendir til neikvæðra áhrifa, þvert á móti.

Ekkert stefnuleysi í skógrækt

Alvarleg er sú fullyrðing Hjálmars að algjört stefnuleysi virðist ríkja í skógrækt enda aðeins fáeinir mánuðir síðan ný opinber stefna um skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis var gefin út af matvælaráðherra undir heitinu Land og líf. Nýleg löggjöf er einnig um skógrækt og greinin er bundin ýmsum lagaákvæðum um náttúruvernd, minjavernd og fleira og fleira. Umgjörðin er skýr og góð, markmiðin hófleg. Nú er hálft prósent Íslands klætt ræktuðum skógi og markmiðið er að sú tala hækki upp í tvö prósent til aldamóta. Vonast er til að þekja birkis verði orðin 12 prósent um aldamótin. Samt verður landið að enn mestu skóglaust.

Skógar stækka í Noregi

Norðmenn hafa ekki vaknað upp við vondan draum eins og Hjálmar fullyrðir þó. Þeir eru ekki að eyða skógum í stórum stíl. Þriðjungur Noregs er vaxinn skógi og það hlutfall fer vaxandi. Eftir seinni heimsstyrjöldina vantaði Norðmenn timbur og menn komust að því að sitkagreni frá Norður-Ameríku þreifst mun betur við sjávarsíðuna en innlent rauðgreni. Mikið var því gróðursett þar af sitkagreni og það óx mjög vel. Enn gróðursetja Norðmenn sitkagreni í nokkrum mæli þótt á vissum stöðum hafi fólk valið að endurheimta útsýni og saltnæðing með því að fjarlægja það, svo sem á eynni Fjørtofta. Um þetta er deilt í Noregi og ekki allir á sama máli.

> Á Íslandi er ekki rasað um ráð fram í skógrækt. Hér er skógrækt hófleg, fagleg, vel skipulögð. Hún er unnin á litlu broti landsins samkvæmt vel mótaðri stefnu.

Vöktun, rannsóknir og samstarf

Hjálmar staðhæfir að hjá okkur ríki „villta vestrið“ í skógrækt. Svo er ekki. Skógræktarverkefni eru bundin í það lagaumhverfi sem áður var nefnt hér og sömuleiðis í skipulag sveitarfélaga þar sem sækja þarf um framkvæmdaleyfi. Stefnan sem hann biður um að verði mörkuð er áðurnefnd stefna, Land og líf. Vel er fylgst með vexti og útbreiðslu íslenskra skóga og sérstaklega fylgst með sjálfsáningu á jöðrum skógræktarsvæða.

Engin trjátegund í ræktun á Íslandi hefur verið skilgreind ágeng hérlendis og fullyrðingar um að til dæmis stafafura sýri jarðveg og drepi allan gróður í kringum sig eru einfaldlega rangar eins og rannsóknir hafa sýnt. Stafafura þrífst vel í rýrum jarðvegi og byggir upp í honum næringarforða með samlífi sínu við jarðvegslíverur. Það hjálpar öðrum gróðri.

Loks biður Hjálmar um að Íslendingar nýti langa reynslu frændþjóða okkar á sviði skógræktar. Það er einmitt það sem við gerum. Þangað sækjum við menntun, þekkingu, aðferðir og samstarf.

Á Íslandi er ekki rasað um ráð fram í skógrækt. Hér er skógrækt hófleg, fagleg, vel skipulögð. Hún er unnin á litlu broti landsins samkvæmt vel mótaðri stefnu. Vel er fylgst með þróun náttúrufars með vönduðum rannsóknum og vöktun. Þess vegna stafa engar hættur af skógrækt. ■

Lengri útgáfu greingarinnar er að finna á frettabladid.is

Ísland eitt kjördæmi

Bergvin Oddsson
stjórnmálafræðingur

Forseti Alþingis, Birgir Ármannsson, hefur lagt til að fjölga kjördæmum landsins úr 6 í 12-15 kjördæmi. Markmiðið er skýrt að jafna atkvæðavægi. Hvers vegna í ósköpunum er þá ekki Ísland eitt kjördæmi? Við erum fámenn þjóð með um tæplega 300.000 manns á kjörskrá. Það er lítið kjördæmi á hinum Norðurlöndunum eða einmenningskjördæmi í Bretlandi. Þegar landið allt er sett í eitt og sama kjördæmið hallar ekkert á flokkana líkt og í síðustu alþingiskosningum þegar Viðreisn tapaði einum manni á kostnað annars flokks. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er að tryggja öllum litlum flokkum kost á að koma að manni á Alþingi því þá þyrftu litlu flokkarnir ekki að berjast við 5% lágmarksatkvæðafjölda, sem myndi tryggja lýðræðið enn frekar í sessi.

Að mínu mati er það galið að eitt og sama atvinnu og búsetusvæðið, suðvesturhornið með um 70% íbúa landsins, sé með þrjú kjördæmi í dag.

> Ég get ekki betur séð en að 12-15 kjördæmi komi einna helst stórum flokkum á borð við flokk sjálfs forseta Alþingis best til að ná árangri í kosningum.

Hvar eiga mörkin að liggja?

Núverandi kjördæmaskipan sem hleypt var af stokkunum fyrir kosningarnar 1999 var NV-kjördæmi með 9 þingmenn en hefur í dag aðeins 8 á kostnað SV-kjördæmis til þess að reyna að jafna atkvæðavægið á milli kjósenda í þessum kjördæmum. Fólksfjölgun hefur orðið gríðarleg í Suðurkjördæmi, þ.e. á Suðurnesjum sem og á Suðurlandi, hlutfallslega miklu meiri en í NA-kjördæmi þar sem þingmannafjöldinn er í dag sá sami í þessum báðum kjördæmum en ætti að vera 11 í suður á móti 9 í norðaustur.

Íbúaþróun tekur sífellt breytingum og í stað þess að hlutast til um tilfæringar um fjölda þingmanna í hverju kjördæmi hverju sinni, væri hægt að koma í veg fyrir slíka nefndafundi með því að hafa Ísland eitt kjördæmi. Annar galli við mörg fámenn kjördæmi verður þegar sveitarfélög sameinast. Ætla menn að búa þannig um hnútana að íbúar í t.d. Fjarðabyggð verði í tveimur kjördæmum? Eða þegar Strandabyggð í Vestfjarðakjördæmi sameinast Dalabyggð í nýju litlu NV-kjördæmi. Hvað hyggst forseti Alþingis hafa mörg kjördæmi á sama atvinnu- og búsetusvæðinu á höfuðborgarsvæðinu? 5 eða 6 talsins, ég spyr?

Hvaða þýðingu hefur að hafa 12-15 kjördæmi?

Kosturinn við að hafa mörg en fámenn kjördæmi er að bæði þingmenn og kjósendur eru nær hver öðrum. Jaðrar við kjörbúðalýðræði á sumum stöðum. Ásamt því að umboðskeðjan frá kjósanda til kjörinna fulltrúa styttist. Gallinn verður sá að erfitt verður að velja ráðherra úr öllum þessum kjördæmum og kæmi manni ekki á óvart að það þyrfti að fjölga ráðherrum til þess að koma sem flestum að og, já, jafna ágreining og atkvæðamagnið.

Að mínu mati verður aðalgallinn sá að litlir flokkar eiga nánast enga möguleika á að koma inn manni þar sem eru 3-5 þingmenn. Í mjög fámennum kjördæmum þar sem 3 þingmenn eru hverju sinni þýðir það að stóru flokkarnir ná inn manni. Einnig hef ég áhyggjur af því hvar jöfnunarsætin eiga að liggja. Ég er alls ekki að segja að þá sé ómögulegt að reikna það út en það verður alveg hrikaleg keðjuverkun þegar það koma nýjar tölur úr einu kjördæmi og allir hinir jöfnunarþingmennirnir færast til.

Ég er handviss um að með breyttri kjördæmaskipan, þar sem 12-15 kjördæmi verða, náum við aldrei markmiðinu um að tryggja jafnt atkvæðavægi. Ég get ekki betur séð en að 12-15 kjördæmi komi einna helst stórum flokkum á borð við flokk sjálfs forseta Alþingis best til að ná árangri í kosningum. Það ættu að vera hagsmunir stóru flokkanna að hafa sem fæsta þingmenn í hverju kjördæmi til þess að koma sínum fulltrúum að á kostnað minni flokkanna. Því tel ég skynsamlegasta kostinn að breyta Íslandi í eitt og sama kjördæmið til þess að tryggja jafnt atkvæðavægi á milli kjósenda og til þess að litlir flokkar komi frekar manni eða jafnvel mönnum á þing með þeim afleiðingum að raddir flestra ólíkra skoðana heyrist á hinu háa Alþingi. ■

Danir geta skapað sérstöðu í handbolta

aron@frettabladid.is

HANDBOLTI Þetta er í 28. skiptið sem heimsmeistaramótið í handbolta fer fram. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi verða 108 leikir leiknir í alls átta borgum, fjórum í Póllandi og fjórum í Svíþjóð.

Danska landsliðið hefur verið sigursælt undanfarin tvö heimsmeistaramót og sótt gullið í bæði skiptin. Danir eru taldir líklegastir til sigurs á komandi heimsmeistaramóti og takist þeim að tryggja sér heimsmeistaratitilinn verða þeir fyrsta þjóðin til þess að vinna mótið þrisvar í röð.

Veðbankar telja líklegast að Frakkar muni veita þeim mesta samkeppni á mótinu en Frakkar hafa fimm sinnum orðið heimsmeistarar.

Á sama tíma eru miklar væntingar í garð íslenska landsliðsins sem hefur á að skipa breiðum og góðum hóp. Bjartsýnustu menn trúa því að

Veðbankar telja Dani líklegasta en að Frakkar muni veita þeim samkeppni á HM sem hefst í vikunni.

liðið geti bætt besta árangur Íslands á HM til þessa sem er 5. sæti frá því á HM í Japan árið 1997.

Mótið hefst næstkomandi miðvikudag með opnunarleik Frakklands og Póllands. Degi seinna er röðin meðal annars komin að íslenska landsliðinu sem mætir Portúgal í fyrstu umferð. Fyrir fram er talið að Ísland sé í erfiðasta riðli mótsins sem í eru þrjár Evrópuþjóðir. Auk Íslands og Portúgal eru Ungverjaland og Suður-Kórea í D-riðli HM. ■

Sigurvegarar á Heimsmeistaramótinu í handbolta

Ellefu mismunandi þjóðir hafa orðið heimsmeistarar í handbolta frá því að fyrsta mótið var haldið árið 1938. Alltaf hefur Evrópuþjóð borið sigur úr býtum á mótinu.



Aðrir sigurvegarar:
Spánn, Rússland (2), Króatía, fyrrum Tékkóslóvakía, Júgóslavía og Sovétríkin (1)

Undanfarnir úrslitaleikir	Sigurvegari		Silfurhafar	Bronshafar	Gestgjafar
2001	Frakkland	28-25	Svíþjóð	Júgóslavía	Frakkland
2003	Króatía	34-31	Þýskaland	Frakkland	Portúgal
2005	Spánn	40-34	Króatía	Frakkland	Túnis
2007	Þýskaland	29-24	Pólland	Danmörk	Þýskaland
2009	Frakkland	24-19	Króatía	Pólland	Króatía
2011	Frakkland	37-35	Danmörk	Spánn	Svíþjóð
2013	Spánn	35-19	Danmörk	Króatía	Spánn
2015	Frakkland	25-22	Katar	Pólland	Katar
2017	Frakkland	33-26	Noregur	Slóvenía	Frakkland
2019	Danmörk	31-22	Noregur	Frakkland	Dan/Þýskal.
2021	Danmörk	26-24	Svíþjóð	Spánn	Egyptaland

Lorem ipsum

Heimild: IHF *Vestur-Þýskaland meðtalið Mynd: Getty © GRAPHIC NEWS

Arnar Þór Viðarsson, landsliðsþjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, var gestur í þættinum 433.is á Hringbraut. Íslenska landsliðið stendur í ströngu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Margt jákvætt sé hægt að taka frá leiknum við Eista

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er nú statt í Portúgal þar sem liðið leikur tvo æfingaleiki. Fyrri leikurinn fór fram á sunnudag er liðið gerði 1-1 jafntefli við Eistland. Andri Lucas Guðjohnsen skoraði mark Íslands af vítapunktinum í síðari hálfleik en skömmu áður hafði hann klikkað á vítaspyrnu.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Það sýnir úr hverju Andri Lucas er gerður. Hann er mikill markaskorari," segir Arnar Þór Viðarsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins.

Arnar Þór segir að vallaraðstæður í Portúgal hafi ekki verið eins og best verður á kosið en mikið hefur rignt á svæðinu á undanförnum vikum.

„Það tók okkur 15-20 mínútur að ná áttum. Við vorum óánægðir með hvernig við byrjuðum leikinn. Við vorum ekki alveg að finna þau svæði sóknarlega sem við vildum finna. Völlurinn var erfiður upp á að spila hratt. Við vildum komast inn fyrir þá en náðum því ekki. Það var sama með varnarleikinn, hann var ekki nógu góður fyrsta korterið. En eftir það var ég ánægður með hvernig við spiluðum þetta. Það var margt jákvætt í þessu en fullt af hlutum sem við getum bætt."

Ef við værum ekki að skapa færi hefði ég áhyggjur.

Arnar Þór Viðarsson

Nýtt leikkerfi

Arnar Þór var að prófa nýtt leikkerfi í leiknum við Eista og er það gert til þess að ekki sé of auðvelt að ráða í leik íslenska landsliðsins.

„Hugmyndin í gær var að vera í 4-4-2 með tígul á miðjunni. Við höfum verið að vinna í tvö ár í 4-3-3 og erum að fara í mikilvægt ár. Við viljum ekki vera of fyrirsjáanlegir og gera aðra hluti. Þegar styrkleikar okkar eru skoðaðir held ég að þetta gæti hentað okkur vel í ákveðnum leikjum."

Það hefur vantað í leik íslenska liðsins upp á síðkastið að það skori mörk úr opnum leik. Arnar Þór hefur ekki áhyggjur af því enn sem komið er. „Við erum að skapa okkur færi. Þetta þarf bara að fara að detta fyrir okkur. Ef við værum ekki að skapa færi hefði ég meiri áhyggjur."

Sænski hópurinn svipaður

Nökkvi Þeyr Þórisson þreytti frumraun sína í leiknum á sunnudag og átti fína spretti. Þessi stóri og stæðilegi sóknarmaður átti frábært sumar með KA í Bestu deildinni á síðasta ári en steig síðan skrefið til Belgíu þar sem hann hefur spilað í næstefstu deild og hefur frammistaða hans þar vakið athygli.

„Nökkvi stóð sig frábærlega á Íslandi síðasta sumar og hefur verið að spila vel með Beerschot í Belgíu. Hann hefur gífurlegan hraða og það er mikil dýpt í hans leik. Við nýttum ekki styrkleika hans fyrsta korterið í gær en svo kom það. Við vorum virkilega ánægðir með hans leik. Þetta var hans fyrsti leikur og það er mjög mikilvægt fyrir alla þessa stráka að kynnast umhverfinu."

Ísland leikur annan æfingaleik á fimmtudag, þá gegn Svíþjóð en sænski hópurinn er að mestu skipaður mjög ungum leikmönnum sem eru að stíga sín fyrstu skref í A-landsliðinu, svipað og hjá Íslandi.

„Helsti munurinn á Svíunum og Eistunum er sá að Svíar eru að gera eins og við, taka saman hóp sem hefur ekki mikið spilað saman. Ég get voðalega lítið sagt um þetta sænska lið því ég hef sjaldan séð það spila saman. Ég held að það sé jákvætt að þeir séu með marga unga leikmenn. Þeir eru að taka marga leikmenn upp úr U-21 árs liðinu," segir Arnar Þór Viðarsson. ■

Úrslitastund nálgast í enska deildarbikarnum

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Fjórðungsúrslit í enska deildarbikarnum fara fram í vikunni en nokkur fjöldi af stórliðum er nú þegar úr leik. Liverpool, Chelsea og Arsenal eru meðal annars öll úr leik en efsta lið ensku úrvalsdeildarinnar féll úr leik gegn Brighton í 32 liða úrslitum.

Manchester United ætti að fljúga áfram í næstu umferð en liðið mætir Charlton Athletic í kvöld, Charlton er eina liðið utan úrvalsdeildarinnar sem er enn með í keppninni. Charlton er í þriðju efstu deild Englands en búist er við að Erik ten Hag, stjóri United, geri nokkrar breytingar á byrjunarliði sínu.

Newcastle sem situr í þriðja sæti ensku úrvalsdeildarinnar er einnig á dagskrá í kvöld en liðið fær Leicester City í heimsókn. Lærisveinar, Brendan Rodgers í Leicester hafa átt afar misjöfnu gengi að fagna en ættu á góðum degi að geta strítt sterku Newcastle-liði.

Á miðvikudag er komið að Englandsmeisturum Manchester City sem heimsækja Southampton á suðurströndinni. Southampton er slakasta lið ensku úrvalsdeildarinnar á heimavelli og því ættu lærisveinar Pep Guardiola að fljúga áfram. Guardiola hvíldi bæði Kevin de Bruyne og Erling Haaland um helgina, líklegast koma báðir inn í byrjunarliðið á miðvikudag.

Dregið verður í undanúrslitin í vikunni en úrslitaleikurinn sjálfur fer fram síðustu helgina í febrúar á Wembley-vellinum í Lundúnum. ■

Leikir vikunnar

Þriðjudagur
20.00 Manchester United – Charlton
20.00 Newcastle – Leicester

Miðvikudagur
19.45 Nottingham Forrest – Wolves
20.00 Southampton – Man. City

Ten Hag vonast eftir sínum fyrsta titli í starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Frá 2013 hefur Manchester City unnið enska deildarbikarinn sex sinnum.

Sviðið er þitt

Ómar Ingi Magnússon stóð ekki undir væntingum á HM í Egyptalandi en nú er öldin önnur. Selfyssingurinn hefur verið einn af bestu handboltamönnum heims undanfarin tvö ár og fær næstu vikurnar vettvang til að gera atlögu að titlinum besti handboltamaður heims.

kristinnpall@frettabladid.is

HANDBOLTI Handboltamaðurinn og íþróttamaður ársins undanfarin tvö ár hefur farið hamförum frá því að HM í Egyptalandi lauk í ársbyrjun 2021. Ómar Ingi náði sér ekki á strik á mótinu, frekar en liðsfélagar hans. Miðað við framfarir Ómars undanfarin tvö ár er hægt að spyrja sig hvort hann hafi átt annan gír inni sem fannst á heimleiðinni frá Egyptalandi.

Ómar skoraði tvö mörk í fyrsta leiknum gegn Portúgal og kom ekki að marki í öðrum leik Íslands á mótinu, fimmtán marka sigri gegn Alsír. Hann var skilinn eftir utan hóps í næstu tveimur leikjum og átti aðeins eina tilraun í fimmta leik Íslands áður en hann skoraði fjögur mörk í lokaleiknum gegn Noregi.

Eftir HM í Egyptalandi kom Ómar aftur til Magdeburg og skoraði 195 mörk í 24 leikjum og reykspólaði upp listann yfir markahæstu leikmenn deildarinnar í átt að markakóngstitlinum. Hann fylgdi því eftir með því að verða markakóngur Evrópumótsins með íslenska karlalandsliðinu á síðasta ári og hefur ekkert slegið af.

Hann leiddi lið Magdeburg til sigurs í þýsku deildinni eftir 21 árs bið sem besti leikmaður deildarinnar. Nú getur Ómar Ingi komið Íslandi í baráttu um verðlaunasæti á HM í fyrsta sinn. ■

266

Þar sem Ómar var utan hóps í tveimur leikjum liðu 266 mínútur á milli marka hjá Selfyssingnum á síðasta HM.

8,1

Ómar skoraði 195 mörk í 24 leikjum í þýsku deildinni eftir síðasta HM, eða 8,1 mark að meðaltali í leik.

59

Ómar Ingi skoraði 59 mörk í átta leikjum á Evrópumótinu í handbolta á síðasta ári, eða 7,38 mörk að meðaltali í leik.

237

Ómar Ingi var næstmarkahæsti leikmaður þýsku deildarinnar í fyrra með 237 mörk ásamt því að gefa þriðju flestu stoðsendingarnar.

2

Selfyssingurinn varð annar Íslendingurinn til að verða markakóngur Evrópumótsins á síðasta ári á eftir Ólafi Stefánssyni.

3

Ómar er einn þriggja leikmanna íslenska liðsins sem voru tilnefndir sem bestu handboltamenn heims í sinni stöðu af Handball Planet.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Rakel Sveinbjörnsdóttir

Reynimel 64, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu 29. desember, verður jarðsungin frá Neskirkju mánudaginn 16. janúar kl. 13.

Guðmundur Eiríksson
Jóna Sigríður Jónsdóttir
Jón Eiríksson
Þórunn Þórisdóttir
barnabörn og langömmubörn

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ríkharður Kristjánsson

stýrimaður,
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést fimmtudaginn 15. desember á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 12. janúar klukkan 15.

Hjalti Ríkharðsson
Magnhildur Erla Halldórsdóttir
Hildur Ríkharðsdóttir
Bragi Þór Leifsson
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Jóhann Ríkharðsson
Fríða Rut Baldursdóttir
Sigríður Ríkharðsdóttir
Jón Gunnar Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn

†

Sambýlismaður minn og bróðir okkar,

Snorri Jónsson

fv. vegaverkstjóri,
Höfn í Hornafirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju fimmtudaginn 12. janúar kl. 13.00. Streymt verður frá athöfninni á vef kirkjunnar, www.hafnarkirkja.is.

Torfhildur Ólafsdóttir
Þorbjörg Jónsdóttir, Þóra Guðleif Jónsdóttir
og aðrir aðstandendur

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna
Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Úr jarðfræði í leirlist

Jarðfræðingurinn Melkorka Matthíasdóttir féll fyrir leirlistinni þegar hún gekk í gegnum erfiða tíma.

arnartomas@frettabladid.is

Melkorka nýtir ólíka ösku við gerð verka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sýningin Og hvað um tað? verður opnuð í Listasal Mosfellsbæjar í dag þar sem Melkorka Matthíasdóttir sýnir keramikmuni sem unnir eru á áhugaverðan hátt. Melkorka er lærð jarðfræðingur en skellti sér í leirlistina þaðan sem hún útskrifaðist vorið 2021.

„Það er oft skrítið hvernig lífið beinir manni í einhverjar áttir," segir Melkorka um áhugann á leirlistinni sem kom í upphafi ekki til af góðu. „Ég fékk brjóstakrabbamein í byrjun árs 2017 og var í meðferðum og tilheyrandi stússi allt árið."

Í bataferlinu kynntist Melkorka endurhæfingarstöðinni Ljósinu þar sem hægt er að dunda sér við alls konar handverk.

„Ég gleymdi mér alveg í leirnum," segir hún og hlær. „Ég ákvað, þegar ég komst út úr þessu öllu saman, að skrá mig í diplómanám í Myndlistarskólanum og sjá hvert það myndi leiða mig."

Melkorka lýsir því að í upphafi hafi henni þótt eins og hún væri svolítið að svíkja jarðfræðina en það breyttist fljótt.

„Leirinn er einmitt jarðfræði algjörlega í hnotskurn!" segir hún og hlær. „Þar fann ég þennan sameiningarmátt því ég heillaðist af jarðfræðinni á sínum tíma og er náttúrunörd í mér."

Aldagömul aðferð

Sýningunni er lýst sem óði til íslenskrar náttúru og nýtir Melkorka meðal annars gróður og tað í verk sín.

„Það eru margir listamenn sem nýta glerung úr eldfjallaösku í leirnum sínum en mig langaði að prófa að fara aðrar leiðir," segir hún. „Ég fór að kynna mér fortíðina og hvernig glerungur varð til fyrir um tvö þúsund árum."

Þar komst hún að því að glerungurinn var unninn í viðarbrennsluofnum sem leirkerin voru sett í. Viðaraskan í brennslunni datt ofan á leirkerin og myndaði þennan hjúpkennda glerung sem gerir kerin vatnsheld og sterkari.

„Glerungagerðin þróaðist út frá þessu en mig langaði að prófa að nýta alls konar ösku með því að brenna sjálf plöntur og annað," segir Melkorka. „Svo komst ég að því að það var rosaleg vinna að brenna þetta efni og askan sem varð eftir var oft mjög lítil."

Tað og beyki

Melkorka velti þá fyrir sér hvar hún gæti náð sér í auðfengna ösku sem einhver annar hefði brennt.

„Þá varð mér hugsað til þess þegar ég fór í laxveiði og lét síðan reykja laxinn fyrir mig í Reykofninum í Kópavogi," segir hún. „Ég talaði við Kára þar sem fannst þetta svo skemmtileg hugmynd að hann var alveg til í að láta mig fá öskuna sem þeir eiga nóg af."

Í reykofnunum er annars vegar notað beyki og hins vegar tað.

„Það kom svo í ljós að taðið kom mjög skemmtilega út í leirlistinni," segir Melkorka. „Ég prófaði tvenns konar ösku og er að sýna glerungana úr þessum efnum og muninn á þeim á sýningunni. Taðið gefur glans og er glermyndari því það er svo mikill kísill í grasi, og þar af leiðandi í taði. Beykiaskan er svo öðruvísi því hún inniheldur minni kísil og er stundum erfið viðureignar en samt rosa falleg."

Sýningin stendur yfir til 3. febrúar í Listasal Mosfellsbæjar. ■

†

Hjartans pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

Hafsteinn Kristjánsson

lést á L-5 Landakoti, 31. desember. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 13. janúar klukkan 13. Sérstakar þakkir til starfsfólks L-5 sem annaðist hann af natni og alúð.
Upplýsingar um streymi má finna á Seljakirkja.is. Einnig má nálgast hlekk á streymi á mbl.is/andlat

Laufey Valsteinsdóttir
Þorsteinn G. Eggertsson
Kristján Hafsteinsson
Sigrún Arna Hafsteinsdóttir
Gretar Þorgeirsson
afabörn og langafabörn

†

Elskulegur pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

Haraldur J. Hamar

Halli

fyrrverandi ritstjóri, útgefandi og blaðamaður,

lést þann 5. janúar sl. Útför hans fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 18. janúar kl. 13.00. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki í Hlíðarbæ og starfsfólki á Hrafnistu við Laugarás fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Inga Hildur Hamar
Malcolm Osborne
Anna Þ. Haraldsdóttir Hamar
Þórir Sandholt
Halla Haraldsdóttir Hamar
Guðrún Helga Hamar

Edda Árnadóttir Hamar, Salka Hamar Penning, Sunnefa Hamar Penning, Hannah Hamar, Sophie Hamar Osborne, Elsa Sif Sandholt, Sally Hildur Hamar Osborne, Peter Haraldur Hamar Osborne, Ísold Sturludóttir Hamar, Vera Johnsen, Haraldur Sturluson Hamar, Katla Sturludóttir Hamar, Saga Johnsen, Vigdís Johnsen, Luana Hamar De Souza, Leonardo Hamar De Souza, Aurora Hamar Lupi, Bryn Martinsson Hamar

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir og afi,

Garðar Sverrisson

verkfræðingur,
Birkiteig 2, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi 20. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 18. janúar kl. 13.00.

Gerður Kristjánsdóttir
Bryndís Garðarsdóttir
Jón Einar Sverrisson
Hörður Garðarsson
Ingibjörg Helga Skúladóttir
Páll Sigurjón Rúnarsson
Júlíana Garðarsdóttir
Hildur Baldursdóttir
Kristján Hreinn Bergsson
Linda Björk Einarsdóttir
Berglind Bergsdóttir
Gunnar Pétur Bjarnþórsson
og barnabörn

†

Okkar ástkæri

Karl Gottlieb Senstius Benediktsson

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði fimmtudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 16. janúar klukkan 13.

Anna Stella Karlsdóttir
Örn Karlsson
Benedikt Karlsson
Laufey Karlsdóttir
Guðmundur G. Sigurbergsson
Sóley Karlsdóttir
Per Brosstad
Rakel Karlsdóttir
Hulda Heiðarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Frítt

Kynntu þér dreifingu Fréttablaðsins

QR Flýtilausnir

Dreifikerfi

Stafrænar útgáfur

Opnaðu myndavélina í snjalltækinu þínu og skannaðu QR kóðana

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin
19.00 Matur og heimili
19.30 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.00 Vísindin og við
20.30 Fréttavaktin
21.00 Matur og heimili

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2016-2017
14.50 Enn ein stöðin
15.15 Meistarinn - Sven Wollter
15.40 Með okkar augum
16.15 Lífsins lystisemdir
16.45 Menningarvikan
17.15 Íslendingar Fjallað er um Íslendinga sem settu svip sinn á íslenskt samfélag um sína daga með margvíslegum hætti. Þættirnir spegla jafnframt sögu þjóðarinnar og samtíð á ýmsum tímum, menningu, listir, stjórnmál og fleira. Þeir eru byggðir á efni úr safni Sjónvarpsins á nærfellt hálfrar aldar tímabili.
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Pósturinn Páll
18.16 Jasmín & Jómbi
18.23 Drónarar
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Heilsurækt heima fyrir Heimildarmynd frá BBC. Í kjölfar samkomutakmarkana sem Covid-19 hafði í för með sér hættu margir að fara í ræktina og ákváðu að æfa heima í staðinn – en næst sami árangur í stofunni heima og á stöðinni, og hvaða æfingar eru vænlegastar til árangurs?
20.55 Tölvuhakk - frítt spil?
21.25 Vogun vinnur
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Sketsar og uppistand
22.45 Eldfimt leyndarmál
23.30 Skylduverk
00.30 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.00 Dr. Phil
12.15 Black-ish
12.40 The Late Late Show
13.25 The Block
16.00 American Housewife
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show with James Corden
19.10 The Block Vinsælasta sjónvarpssería Ástralíu er komin aftur til Íslands. The Block er frábær þáttaröð þar sem ólík pör keppast við að endurbyggja ónýtar íbúðir og búa til glæsileg híbýli. Stjórnandi þáttarins er Scott Cam.
20.00 The Neighborhood
21.00 New Amsterdam Læknadrama sem gerist á elsta ríkisspítalanum í New York. Nýr yfirlæknir hikar ekki við að brjóta reglur til að bæta þjónustuna við sjúklinga.
21.50 Women of the Movemen
22.40 Good Trouble
23.25 The Late Late Show with James Corden

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.10 Grand Designs
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Blindur bakstur
09.55 Impractical Jokers
10.15 The Greatest Dancer
11.30 Conversations with Friends
12.05 The Carrie Diaries
12.40 The Great British Bake Off
13.35 Listing Impossible
14.20 Vitsmunaverur
14.50 Manifest
15.30 Supergirl
16.15 The Masked Singer
17.30 Bold and the Beautiful
17.40 The Carrie Diaries
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Shark Tank.
19.55 Masterchef USA
20.35 100 Vaginas Djörf, feminísk heimildarmynd um það hvernig píkur hafa mótað sýn okkar á heiminn og skömmina sem er kvenleg kynhneigð. Rætt er við konur frá 19-77 ára um kynþroskan, blæðingar, fæðingar, ófrjósemi ofl.
21.25 War of the Worlds
22.10 Showtrial
23.10 Unforgettable
23.55 Tell Me Your Secrets
00.40 Prodigal Son
01.20 Grand Designs
02.10 The Great British Bake Off
03.05 Listing Impossible

Vísindasamfélagið í Háskóla Íslands opnað upp á gátt

Þessar vikurnar er önnur röðin af þáttunum Vísindin og við á dagskrá Hringbrautar, en þar kynnast áhorfendur því fjölbreytta vísindastarfi sem fram fer innan veggja HÍ. Stór hluti af starfi prófessora skólans lýtur að rannsóknum af öllu tagi sem svo skilar sér í margvíslegum úrbótum í samfélaginu. Þáttaröðinni stýra Sigmundur Ernir Rúnarsson og Þóra Katrín Kristinsdóttir.■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 skinn
5 spíra
6 í röð
8 þerra
10 ýviður
11 kopar
12 yfirsjón
13 hnarreist
15 hryggðar
17 véla

LÓÐRÉTT
1 tungumál
2 síll
3 blóðhlaup
4 skoran
7 sýsla
9 mökkur
12 etja
14 stafur
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 hamur, 5 ála, 6 áb, 8 burrka, 10 ýr, 11 eir, 12 synd, 13 kelk, 15 angurs, 17 narra.
LÓÐRÉTT: 1 hápyrska, 2 alur, 3 mar, 4 ráðin, 7 barðisa, 9 reykur, 12 sigga, 14 enn, 16 rr.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Rasuvajev átti leik gegn Aleksejev í Moskvu árið 1969.

1...Dd8! (eða 1...Dd6). 2. Df3 Dd1! 3. Kg2 Dc2+ 4. Kh3 Bxe4 0-1. Skákþing Reykjavíkur hófst í gær. Mótið er vel sótt en 56 keppendur taka þátt. Barion mótaröðin hefst í kvöld í Barion Mosfellsbæ. Skráningu lýkur kl. 12. **www.skak.is: Íslenskt mótahald.**

Sudoku

				6	3		7	4
	1	5			9	8		
		3		4				
5						6	8	3
	8			1			2	
7			2				5	
8	4		1	9			6	
9			4					
		6			2			7

				3	9	5	7	1
				1			3	
			6					
	4		9	6				
		6						2
		5			2	4		
		4	3			1	5	
		9		7				
8	3	2			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FKA

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. janúar gefur Fréttablaðið út sérblað um:

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Eitt stærsta blað og vinsælasta sérblað ársins kemur nú út 7 árið í röð.
Frábært blað til að kynna konur í öllum stöðum í ykkar fyrirtæki.

Því fyrr því betra með að ná inn í blaðið og fá fína staðsetningu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins
Sími 550-5656/ waage@torg.is

GILDI

Það er kominn tími til að tala um gildi

Þegar mörg okkar láta sér nægja að lesa fyrirsagnir og fletta samfélagsmiðlum, sjáum við tækifæri í því að tala um innihald. Þegar umræðan einkennist meira og minna af átökum og upphrópunum, sjáum við tækifæri til að tala um hugmyndir. Hugmyndir til að skapa, ná árangri, finna innri styrk og gefa lífinu tilgang.

Gildi eru óskrifaðar reglur sem við víkjum aldrei frá og eru okkur leiðarljós til að ná árangri og leggja grunn að hamingjusömu lífi. Góð gildi gera okkur að áhrifamiklum og mætum manneskjum.

Hver eru þín gildi?

Dale Carnegie®

Sjáðu meira um gildi á dale.is

Að mati gagnrýnanda er um að ræða mikilvæga og upplýsandi sýningu um einn magnaðasta gjörningalisthóp okkar tíma. MYND/VIGFÚS BIRGISSON

Maximalísk andófssýning

MYNDLIST

Flauelshryðjuverk – Rússland Pussy Riot
Pussy Riot
Kling & Bang

EVA LÍN VILHJÁLMSDÓTTIR

Yfirlitssýning femíníska og pólitíska gjörningalisthópsins Pussy Riot, Flauelshryðjuverk – Rússland Pussy Riot, í Kling & Bang er sú fyrsta í sögunni sem listhópurinn hefur sett á laggirnar. Sýningin fer yfir sögu gjörningalisthópsins og kynnir fyrir gestum þá fjölmörgu pólitísku gjörninga sem hópurinn hefur staðið fyrir síðan 2012. Sýningin er unnin í samstarfi við Mariu Alyokhina en hún er upphafsmeðlimur Pussy Riot og sýningarstjórar eru Dorothee Kirch, Ingibjörg Sigurjónsdóttir og Ragnar Kjartansson.

Litríkt völundarhús

Sýningarrými Kling & Bang var gjörbreytt fyrir sýninguna með uppsetningu margra aukaveggja. Nú virkar rýmið eins og eins konar litríkt völundarhús. Fyrsta verkið sem tekur á móti gestum þegar þeir ganga inn í rýmið er myndbandsverk sem sýnir einn meðlim Pussy Riot, með litríka lambhúshettu sem er eins konar einkennisbúnaður listhópsins, að pissa á portrettmynd af Pútín. Verkið er eina nýja verkið á sýningunni og það setur tóninn fyrir það sem koma skal.

Sjónrænt og hljóðrænt áreiti er mikið á sýningunni og er ef til vill af ásettu ráði. Maximalískur stíll sýningarinnar ýtir undir tilfinningu ákefðar og undirrituð fékk á tilfinninguna að eitt markmiða væri að varpa sýningargestum inn í heim pólitískra mótmæla og kippa þeim út úr þægindunum. Rýmið er ekki endilega ætlað til að dóla sér í heldur er man gestur í hugarheimi sem er á fullu – minningarnar margar og erindið brýnt.

Saga Pussy Riot þrædd

Pussy Riot er helst þekkt sem pönkhljómsveit sem gerði allt vitlaust með andófsgjörningi sínum Pönkbæn: María mey, hrektu Pútín á brott í kirkju Krists í Moskvu árið 2012. Í kjölfarið sátu nokkrar þeirra í fangelsi í allt að tvö ár. Hópurinn kom svo eftirminnilega aftur inn á sjónarsviðið eftir að nokkrir meðlimir gjörningalisthópsins hlupu inn á völlinn í lokaleik heimsmeistaramótsins í knattspyrnu í Rússland árið 2018.

Á sýningunni fá gestir að kynnast þeim tveimur ofangreindu gjörningum sem og þeim fjölmörgu pólitísku gjörningum sem hópurinn hefur staðið fyrir í gegnum árin. Sérhver pólitískur gjörningur er settur í samhengi við hverju var verið að mótmæla og hverjar afleiðingar gjörningsins voru fyrir þá meðlimi Pussy Riot sem tóku þátt hverju sinni. Gjörningarnir eru fjölbreyttir en halda í þann rauða þráð að mótmæla mismunandi hliðum alræðisins sem hefur farið vaxandi í Rússlandi undanfarinn áratug. Afleiðingar mótmælagjörninganna eru mun harðari en flestir gestir eiga að venjast, allt frá samfélagsþjónustu til eitrunar, en slíkt væri nær óhugsandi hér á landi. Ég hafði aldrei heyrt um flesta gjörningana sem til sýnis eru en þeir eru margir einfaldir, hugljúfir og hnífbeittir. Til að mynda prentuðu þau myndir af pólitískum föngum á jólakúlur og hengdu á jólatré í Moskvu.

Framsetning eldri gjörninganna nær vel utan um stemninguna sem birtist í heimildunum. Samhengi, útskýringar og afleiðingar gjörninganna eru skrifaðar beint á vegginn og myndir frá gjörningunum eru límdar upp með neonlituðu límbandi. Þetta gefur heimagert og fljótfærnislegt yfirbragð sem passar vel við pönk-anda Pussy Riot og miðlar því hvernig hópurinn starfar.

Pólitískur raunveruleiki nútímans

Í síðustu rýmum sýningarinnar verður frásögnin aðeins nær okkur í tíma og er því með öðru móti. Á veggjunum eru myndir frá tímum meðlima Pussy Riot í stofufangelsi og sagt er frá aðstæðum þeirra. Gestum gefst svo kostur á að dvelja um stund í litlu rými sem líkir eftir fangaklefa. Loks tekur á móti gestum lítill gangur þar sem á veggjunum hanga myndir af flótta Mariu Alyokhina frá Rússlandi. Hún klæddi sig upp sem sendill, flúði landið með hjálp vina sinna sem keyrðu hana að landamærum Belarús og komst til Litáen með hjálp Ragnars Kjartanssonar sem útvegaði henni vegabréf. Þannig gefur tilurð sýningarinnar og aðdragandi hennar dæmi um hvernig og hversu miklu máli skiptir að Íslendingar noti forréttindastöðu sína til þess að styðja við og viðhalda pólitísku andófi. Sýningin kallar eftir því að hætta pólitískri meðvirkni með einræði Pútíns.

Tvær tegundir söguþráða birtast á sýningunni. Litlu sögurnar, eða smásögur sérhvers gjörnings, mynda eitt flæði sem sýnir hverju hópurinn mótmælir hverju sinni og þeim falsfréttum sem haft er um þau. Þegar þessar frásagnir eru tengdar saman við það sem Maria og aðrir meðlimir Pussy Riot hafa mátt þola undanfarin misseri, eftir innrásina í Úkraínu, byggði sýningin upp kynngimagnaða frásögn sem er langt frá því að vera lokið. ■

Sýningarrými Kling & Bang hefur verið gjörbreytt fyrir sýningu Pussy Riot með uppsetningu margra aukaveggja svo rýmið virkar eins og litríkt völundarhús. MYND/VIGFÚS BIRGISSON

NIÐURSTAÐA: Mikilvæg og upplýsandi sýning um einn magnaðasta gjörningalisthóp okkar tíma.

Ljóðaslammið vaknar til lífsins

arnartomas@frettabladid.is

Ljóðaslamm Borgarbókasafnsins snýr nú aftur eftir nokkurt hlé og hefur verið opnað fyrir umsóknir um þátttöku. Á slamminu eru frumsamin ljóð flutt fyrir áheyrendur þar sem áherslan er ekki síður á flutninginn en á ljóðið sjálft.

„Þau eru jafnmisjöfn og þau eru mörg sem hafa tekið þátt í gegnum árin, en ég held að þau eigi öll útgeislunina sameiginlega, sem sýnir sig í texta og flutningi," segir Guðrún Elísa Ragnarsdóttir hjá Borgarbókasafninu. „Þetta er mjög fjölbreytt og við hvetjum alla til að taka þátt."

Margir tengja ljóðaslömm helst við bítnikka með alpahúfur sem smella fingrum í einhverjum myrkum kjallara en Guðrún Elísa segir slömmin hafa verið vinsæl í gegnum tíðina.

Kælan mikla vann Ljóðaslammið 2015. MYND/AÐSEND

> Þau eru jafnmisjöfn og þau eru mörg sem hafa tekið þátt í gegnum árin

„Við vorum síðast árið 2017 og við héldum þetta með aðeins öðru sniði í Tjarnarbíói," segir hún. „Okkur langaði svo að endurvekja þetta því það koma svo margir hæfileikaríkir krakkar og taka þátt."

Ljóðaslammið 2023 fer fram 3. febrúar og umsóknarfrestur er til 15. janúar. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Borgarbókasafnsins. ■

Hljóðsettu lífið upp á nýtt

Beltone **Imagine**™ – *hágæða heyrnartæki*

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Þótt áhyggjur og kvíði vegna hugmynda um að loka Vin í sparnaðarskyni báru fastagestirnir sig vel í gær þegar Hjálmar Hrafn og Ólafur B. Thorsson fóru yfir stöðuna fyrir úrslitastundina á fundi velferðarráðs borgarinnar í dag þar sem taka á afstöðu til sparnaðartillögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hrottaskapur sem sparar borginni ekki neitt

„Það væri sérlegur hrottaskapur að loka Vin," segir tónlistarmaðurinn Gunnar Jónsson. Velferðarráð Reykjavíkurborgar tekur á morgun ákvörðun um örlög batasetursins Vinjar við Hverfisgötu þar sem fólk í geðrænum vanda hefur lengi getað sótt félagsskap og fjölbreytta andlega upplyftingu.

ninarichter@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

„Hvers virði er félagsskapur?" segja þeir Ólafur B. Thorsson, Arnljótur Sigurðsson, Hörður Jónasson, Hjálmar Hrafn Sigurvaldason og Gunnar Jónsson og bæta við að þeir séu að spyrja fyrir Vin.

Þeir segja áhyggjur af fyrirhugaðri lokun Vinjar í sparnaðarskyni hvíla þungt á mörgum og það sé uggur í mannskapnum fyrir úrslitastundina sem renni upp á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar á morgun.

„Maður er manns gaman og fólk með geðraskanir er ekkert öðruvísi hvað það varðar," segir raftónlistarmaðurinn Gunnar Jónsson Collider sem hefur starfað með fólki með geðraskanir í fjórtán ár. „Vin er félagsmiðstöð og þar kemur fólk til að spjalla saman, bera saman bækur sínar og þiggja og veita ráð og hvatningu frá jafningjum sínum."

Sérlegur hrottaskapur

Gunnar segir Vin einfaldlega vera ómetanlegt úrræði fyrir mjög viðkvæman hóp. „Peningasparnaðurinn af lokun verður enginn til lengri tíma litið því þetta mun valda þessum hópi gríðarlegu raski. Ég held til dæmis að lokun myndi auka álag á geðdeildir til muna, sem er sorglegt því Vin er miklu mannlegra batterí, með fullri virðingu

> Maður er manns gaman og fólk með geðraskanir er ekkert öðruvísi hvað það varðar.

Gunnar Jónsson

fyrir því erfiða starfi sem á þeim er unnið."

Gunnar bendir einnig á að starfsfólkið í Vin sé frábært, starfsemin fjölbreytt og staðsetningin mjög heppileg vegna fjölda íbúðakjarna í miðbænum sem eru í göngufæri við Vin. Hann veltir síðan fyrir sér hvort borgaryfirvöld telji Vin ef til vill óþarfa því skjólstæðingar hafi sína íbúðakjarna. „Það er smá eins og að loka sundlaugum Reykjavíkur því það eru allir með sturtu heima hjá sér!"

Brúnin á honum þyngist síðan þegar hann segir starfsemi Vinjar hafa áþreifanlega aukið lífsgæði svo margra með lágmarks inngripi. „Vin hefur líka tekist betur en nokkru öðru fyrirbæri að koma á tengingum á milli fólks með geðraskanir og hins almenna borgara, til dæmis með skákmótunum sínum. Að mínu mati væri lokun á Vin sérlegur hrottaskapur gagnvart þeim okkar sem minnst mega sín."

Vin gerir kraftaverk

Fjörugt skáklífið í Vin hefur ekki síst verið áberandi í starfseminni og þar hefur Ólafur B. Thorsson lengi verið í framvarðasveitinni. „Góður vinur getur gert kraftaverk og þegar geðraskanir verða æ ríkara vandamál í samfélagi manna þá er félagsmiðstöð þessi sannkölluð vin í eyðimörkinni.

Þetta er í raun nánast eina opinbera stofnunin fyrir utan geðspítala sem sinnir þessum þjóðfélagshópi og er í algjörri sérstöðu hvað það varðar. Þarna geta einstaklingar mætt án nokkurra skuldbindinga eða fyrirvara og kynnst öðrum sem glíma við svipuð vandamál og þeir sjálfir. Fundið félagsskap og eignast vini," segir Ólafur og segist vonast innilega til þess að ákvörðuninni um að loka þessari lind í eyðimörkinni verði snúið við.

„Það var hann Hrafn Jökulsson sem tók í spaðann á mér á sínum tíma og bauð mig velkominn. Hann sýndi mér að skákin gæti tengt fólk saman. Hann yrði mjög ósáttur við þessa lokun veit ég."

Lífsnauðsynlegur staður

Skáksveit Vinjar er áberandi í varnarbaráttunni og ætlar ekki að koma þegjandi og hljóðalaust að endataflinu á morgun.

„Ef maður hefði ekki þetta athvarf þá væri maður bara í vondum málum og myndi einangrast og veslast upp einn heima í þunglyndi," segir Hjálmar Hrafn Sigurvaldason, sem er tíður gestur í Vin og ritari skákfélagsins.

„Þarna er góður félagsskapur og góður andi í húsinu. Það er orðin rútína að fara þarna á hverjum degi og hitta fólk. Þarna kom ég inn í skákina sem er núna aðaláhugamálið mitt. Fyrir marga sem sækja Vin daglega er þetta lífsnauðsynlegur staður. Ef Vin væri ekki til staðar, myndu margir þeirra sem

> Bara það eitt að opinbera hugmyndina um að loka Vin hefur strax valdið kvíða og hugarangri.

Arnljótur Sigurðsson

sækja staðinn vera á geðdeild og það væri á endanum dýrara úrræði en að hafa opið í Vin."

Hörður Jónasson, formaður Vinaskákfélagsins, tekur undir með Hjálmari. „Þessi starfsemi er engri lík og þjónustan sem þarna er veitt er bæði fjölbreytt og nauðsynleg. Það fer í raun eftir því hverjir koma þangað hvernig henni er háttað.

„Hingað kemur fólk með geðraskanir, öryrkjar eða fólk sem er bara einmana heima hjá sér og vill tengjast öðru fólki. Þarna er ekki verið að skikka þig í námskeið eða setja þér einhver heimaverkefni heldur eru allir velkomnir og vel tekið á móti þér, sama hver þú ert."

Hann segir suma koma til þess að hittast og spjalla en aðrir vilji kannski taka í spil eða tefla. Þar sé einnig aðstaða til myndlistar auk þess sem húsnæðið hafi hýst höfuðstöðvar Vinaskákfélagsins frá því hann stofnaði það 2003 ásamt Hróksliðunum Róberti Lagermann og Hrafni heitnum Jökulssyni.

„Borgin segir okkur að þetta sé gert í sparnaðarskyni. Þá spyrja ég og margir fleiri hvort þetta sé virkilega sá málaflokkur sem við eigum að vera að skera niður í. Og einnig hvort kostnaðurinn við að leggja starfsemi Vinjar niður muni ekki jafnvel aukast til muna í öðrum málaflokkum og auka álagið á heilbrigðiskerfinu."

Úlfslíki hins opinbera

Arnljótur Sigurðsson, tónlistarmaðurinn Kraftgalli, hefur lengi lagt Vinaskákfélaginu lið og segist bæði hafa kynnst ótrúlega skemmtilegu fólki og því grettistaki sem skákin hefur lyft þar. „Þar fyrir utan fer þarna fram fjölbreytt starfsemi sem er greinilega hreinasta bjargræði fyrir sérdeilis viðkvæman hóp fólks. Starfsfólkið er yndislegt og stemningin frábær í þessu huggulega húsi sem er guðsgjöf fyrir samfélagið allt."

Arnljótur bætir við að sér finnist skammarlegt að borgin skuli nú, í úlfsham, ætla sér að mása, blása og feykja þessu húsi um koll. „Bara það eitt að opinbera hugmyndina um að loka Vin hefur strax valdið kvíða og hugarangri hjá þeim sem hafa notið velvildar í þessu setri sem hefur gert kraftaverk fyrir svo marga, með svo litlum tilkostnaði."

Þeir félagar fara hvergi leynt með að þeir og margir fleiri sem treysti á Vin kvíði morgundeginum og fundi velferðarráðs en þeir leyfi sér enn að vona að Reykjavíkurborg miskunni sig yfir starfsemi Vinjar og finni aðra lausn en að loka henni.

Enda sé þetta hreinlega spurning upp á líf eða dauða fyrir mörg þeirra sem eigi við geðræn vandamál að stríða og komist í samneyti við annað fólk í Vin. „Við sem samfélag hljótum að setja það í forgang að vernda okkar viðkvæmustu hópa og lokun Vinjar væri í algjörri andstöðu við þá hugsjón." ■

número eitt®

GRUNNUR AÐ BETRI HEILSU MEÐ KJARNA

FJÖLVÍTAMÍN, STEINEFNI, D-VÍTAMÍN, GÓÐGERLAR, OMEGA-3 FITUSÝRUR

30 BÆTIEFNA SKAMMTAR
EINN POKI Á DAG

Í HVAÐA BOX TIKKAR ÞÚ?

Gæði innihalds bætiefnanna í boxunum byggja ævinlega á nýjustu rannsóknum og eru bætiefnin framleidd úr hreinum og sjálfbærum innihaldsefnum.

Umhverfisvænar og endurvinnanlegar pakkningar, minni sóun og meiri gæði!

Öll bætiefnin í boxunum frá Númer Eitt eru glúten- og mjólkurlaus.
Vörurnar innihalda engin erfðabreytt innihaldsefni.

Skannaðu kóðann og taktu bætiefnaprófið!

Fæst í flestum apótekum, Heimkaup, Hagkaup, Fræinu Fjarðarkaup og Heilsuhúsinu Kringlunni.

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti á fundum sínum nýverið að auglýsa skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar. Svæðin eru skilgreind sem íbúðarbyggð í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Íbúðarbyggð ofan við Dali, austan núverandi byggðar
Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að skipuleggja lágreista íbúðarbyggð með um 250 íbúðum í sérbýlishúsum. Gert er ráð fyrir að aðkoma akandi verði frá Vogavegi og Iðndal. Lögð verður áhersla á að lóðir og byggingar falli sem best að landslagi og verða skilmálar settir varðandi slíkt í deiliskipulagi.

Íbúðarbyggð norðan núverandi byggðar í Grænuborg
Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að skipuleggja íbúðarbyggð með um 330 íbúðum í sérbýlishúsum og fjölbýlishúsum. Gert er ráð fyrir að einbýlishús og parhús á einni hæð verði vestast á svæðinu nærst ströndinni en þar fyrir ofan komi lítil fjölbýlishús eða raðhús á tveimur hæðum. Stærri og hærri fjölbýlishús (allt að 4 hæðir) verða við norðurjarðar svæðisins nærst Vatnsleysustrandarvegi. Dælustöð fráveitu verður vestan og neðan byggðarinnar. Lögð verður áhersla á að lóðir og byggingar falli sem best að landslagi og verða skilmálar settir varðandi slíkt í deiliskipulagi.

Kynntar eru skipulagslýsingar skv. 40. gr skipulagslag nr. 123/2010 vegna nýs deiliskipulags á báðum svæðum. Skipulagslýsingarnar er hægt að nálgast á vef sveitarfélagsins **www.vogar.is**

Opið verður hjá skipulags- og byggingarfulltrúa á bæjarskrifstofu að Iðndal 2, 190 Vogum, fimmtudaginn 19. janúar 2023 milli kl. 13:00 – 16:00 þar sem íbúum og hagsmunaraðilum gefst kostur á að kynna sér lýsingarnar.

Íbúar og hagmunaaðilar geta sent inn ábendingar varðandi skipulagslýsingarnar á bæjarskrifstofu að Iðndal 2, 190 Vogum, eða á netfangið **byggingarfulltrui@vogar.is** til og með 31. janúar 2023.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Erum við að leita **að þér?**

Beðið var eftir Harry í breskum bókabúðum og víðar í gær og á Íslandi þarf að bíða aðeins lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Getum brátt höndlað Harry

Svanborg Þórdís Sigurðardóttir, hjá Pennanum Eymundsson, segist hafa fundið fyrir ánægjulega miklum áhuga á Spare, ævisögu Harrys Bretaprins. Skip með stórri pöntun af vægast sagt umdeildri og eftirsóttri bókinni er lagt af stað en hún mun þó ekki ná í íslenskar bókaverslanir á alþjóðlega útgáfudeginum sem er í dag.

toti@frettabladid.is

„Við höfum fundið fyrir miklum áhuga. Já, algjörlega. Fólk er byrjað að hringja og er spennt fyrir þessari bók," segir Svanborg Þórdís Sigurðardóttir, í erlendum bókum hjá Pennanum Eymundsson, um Spare, ævisögu Harrys Bretaprins.

Hún segir Pennann Eymundsson ekki beinlínis hafa verið með sérstakan viðbúnað í tilefni útgáfunnar en þau hafi pantað vel af henni enda bendi fjöldi fyrirspurna og símtala eindregið til þess að bókarinnar sé ekki síður beðið með mikilli eftirvæntingu hér á landi en annars staðar.

„Það er ótrúleg stemning fyrir þessu. Það er nefnilega málið og kannski kemur fólki á óvart að hér uppi á Íslandi hafi fólk slíkan áhuga á málefnum konungsfjölskyldunnar."

Dularfull sigling
„Það flækir kannski málið svolítið fyrir lönd eins og okkar þegar ekki má selja bókina fyrr en á ákveðnum degi og hún er þá ekki send út fyrr en þá," segir Svanborg en bætir við að í þessu tilfelli sé bókin þó sem betur fer lögð af stað.

„En hún er ekki komin til landsins og ég vil ekki lofa neinu vegna þess að við erum bara háð flutningum. Þannig að ég vil ekki nefna neinn sérstakan dag ef skipið myndi svo kannski verða stopp einhvers staðar. Þannig að þetta heldur áfram að vera mjög spennandi og dularfullt. En hún er á leiðinni og við krossum bara fingur að það sé gott í sjóinn og svona."

> Kannski kemur fólki á óvart að hér uppi á Íslandi hafi fólk slíkan áhuga á málefnum konungsfjölskyldunnar.
>
> Svanborg Þórdís Sigurðardóttir

Spare kemur út í dag en smá bið verður á því að höndlað verði með Harry á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Svanborg segir fyrstu pöntunina hafa verið stóra og að engin hætta sé á öðru en að öll sem vilja muni fá sinn Harry. „Svo kemur annað hvort þannig að hún á alveg eftir að vera til og ef hún klárast fyrsta holl þá tökum við niður pantanir. Það er ekkert mál."

Spennandi leki
Eins og áður segir dugði mikil öryggisgæsla ekki til að koma í veg fyrir leka úr bókinni. „Þótt það sé búið að leka ýmsu þá virðist það bara auka á spenninginn," segir Svanborg og telur áhugann á bókinni benda til þess að þetta skemmi alls ekki fyrir.

Titillinn Spare, eða Varaskeifan, vísar til orða Karls konungs um „heir and spare" og að þegar þau Díana prinsessa eignuðust Harry væru þau bæði komin með Vilhjálm sem ríkisarfa og annan, Harry, til vara.

Játningar Harrys í bókinni hverfast að því er virðist ekki síst um núninginn milli þeirra bræðra og sérfræðingar í málefnum konungsfjölskyldunnar telja að bókin geti í versta falli haft skelfilegar afleiðingar fyrir bæði Harry og krúnuna en meðal þess sem hefur lekið er safarík frásögn Harrys af því þegar Vilhjálmur tuskaði hann til eftir að hafa ausið Meghan Markle svívirðingum.

Áþreifanleg eftirvænting
Spare hefur verið beðið með slíkri eftirvæntingu víða um heim að í síðustu viku var hún komin í 2. sætið yfir mest seldu bækurnar í forsölu hjá Amazon.com og það er svo loks í dag sem eldfimar játningar Harrys skella á heimsbyggðinni af fullum þunga.

Svanborg segir eftirspurnina eftir bókinni áþreifanlegri og innbundinni ánægjulega. „Það er bara alveg frábært hversu sterk bókin var á síðasta ári. Og um jólin. Hún er ekkert að fara og bara eins og rafbókin og hljóðbókin bætist bara við og fleira fólk sé að lesa á ýmsan hátt.

Þetta er mög gaman og við sem erum búin að vera svona lengi í bransanum erum mjög ánægð með það og finnst skemmtilegt að bókin skuli enn vera lifandi miðill." ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

JIMMY'S

REGISTERED TRADEMARK

Jimmy's poppið
er nú loksins fáanlegt á Íslandi.
Veldu nú þann sem að þér þykir bestur

KOMIÐ Í VERSLANIR

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING Torg ehf.

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Bakþankar

Kristbjargar Þórisdóttur

Meðferð

Ég verð reglulega vör við að boðið er upp á ýmiss konar meðferð sem ætlað er að leysa úr margvíslegum geðrænum vanda. Meðferðir sem falla ekki undir viðurkennda heilbrigðisþjónustu. Slíkt vekur upp spurningar.

Hvernig er greining á vandanum gerð? Á hvaða rannsóknum á gagnsemi byggja þessar meðferðarleiðir? Byggja upplýsingar um árangur á reynslusögum nokkurra aðila eða viðurkenndum samanburðarrannsóknum? Hvers vegna er ekki mælt með þessum meðferðum í klínískum leiðbeiningum? Ef meðferðarleið er ný og framsækin, hvers vegna eru ekki gerðar rannsóknir á henni áður en almenningi stendur meðferðin til boða gegn háum fjárhæðum? Við myndum ekki selja fólki lyf sem hefur ekki farið í gegnum stranga rannsóknarferla.

Það er staðreynd að bið eftir gagnreyndum sálfræðimeðferðum er ömurlega löng og skiljanlegt að fólk verði úrkula vonar og fari að leita annarra lausna. Er það bara í lagi að bjóða fólki meðferð án þess að vinna undir ramma heilbrigðisyfirvalda og undir þeim skilyrðum sem heilbrigðisstarfsfólk þarf að vinna svo sem varðandi menntun og ábyrgð? Hver stendur vörð um hagsmuni þjónustunotandans ef meðferðaraðilinn er ekki ábyrgur gagnvart Embætti landlæknis eða heilbrigðisyfirvöldum? Hvernig veit viðkomandi hvað hann er raunverulega að kaupa? Jákvæðar reynslusögur eru ekki vísindalegur grunnur. Ég get ekki bara boðið fram þjónustu mína á bráðamóttökunni eftir tíu skipta námskeið og farið að endurlífga fólk þó ég vilji leysa úr vandanum þar.

Það er samfélagsleg ákvörðun að hafa geðheilbrigðiskerfið laskað. Það bíður enginn eftir að hefja nám í fyrsta bekk. Þjónustan er samfélagslega tryggð. Það sama ætti að geta gilt um geðheilbrigðisþjónustu ef rétt væri gefið. ■